

Fornleifaskráning á Núpsstað, Vestur-Skaftafellssýslu



Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Birna Lárusdóttir

FS155-01181
Reykjavík
2002



Mynd á forsíðu: Núpsstaður 1836, e. Auguste Mayer.

© Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Um fornleifaskráningu.....	4
3. Fyrri athuganir og skráning.....	7
4. Samantekt um sögu Núpsstaðar.....	8
5. Fornleifaskrá.....	10
6. Fornleifar og byggð á Núpsstað.....	41
7. Heimildaskrá.....	43

Viðauki

Minjakort fyrir Núpsstað

1. Inngangur

Í september 2001 var gerð fornleifaskráning á Núpsstað í Fljótshverfi. Fornleifaskráningin er hluti af stærri úttekt og heimildasöfnun um Núpsstað, sem Núpsstaðarnefnd stendur fyrir og hefur Elín Erlingsdóttir, forstöðumaður Kirkjubæjarstofu yfirumsjón með verkefninu. Guðrún Alda Gísladóttir sá um heimildakönnun um fornleifar en vettvangsvinna var gerð af Birnu Lárusdóttur og Elínu Ósk Hreiðarsdóttur og sá Elín um úrvinnslu og skýrslugerð. Fornleifaskráning á Núpsstað var gerð undir stjórn Orra Vésteinssonar fornleifafræðings. Vettvangsvinna fór fram dagana 17.-22. september. Samtals var skráður 71 minjastaður í landi Núpsstaðar.

Efnisskipan í þessari skýrslu er svipuð og í öðrum skýrslum um aðalskráningu fornleifa.¹ Á eftir inngangi er yfirlit um löggjöf, aðferðir og hagnýtingu fornleifaskráningar (2. kafli). eru þessar samantektir jafnan birtar með fornleifaskrárm í því skyni að sveitarstjórnir og stofnanir þeirra geti betur nýtt sér efni skráningarinnar og haft til hliðsjónar við aðrar framkvæmdir, s.s. skipulagsmál, minjavernd og ferðaþjónustu. Þá er greint frá fyrri fornleifarannsóknum á skráningarsvæðinu (3. kafli). Fjórði kafli er samantekt um sögu Núpsstaðar. Síðan er birt skrá yfir fornleifastaði sem kannaðir voru 2001 (5. kafli). Í skráningarkerfi FSÍ eru minjastaðir flokkaðir eftir jörðum. Er miðað við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Hver jörð fær sérstakan kafla þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðarinnar, breytingum á þeim og öðrum upplýsingum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Hverri jörð fylgir síðan skrá með ítarlegri umfjöllun um hvern minjastað með teikningum þar sem við á. Með hverri jörð fylgir einnig minjakort sem sýnir minjastaði, örnefni og aðrar upplýsingar sem tengjast fornleifum og horfnum búskaparháttum. Í 6. kafla eru dregin saman megineinkenni byggðar og fornleifa á skráningarsvæðinu.

Bræðurnir Eyjólfur og Filippus Hannessynir á Núpsstað voru skrásetjurum innan handar og veittu upplýsingar um minjar á svæðinu. eru þeim færðar bestu þakkir fyrir ómetanlega aðstoð. Þakkir fær einnig Elín Erlingsdóttir á Kirkjubæjarstofu fyrir margvíslega aðstoð og hjálpssemi.

¹ Sbr. Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson, *Fornleifaskráning í Eyjafirði I-*, Fornleifastofnun Íslands & Minjasafnið á Akureyri, Akureyri 1994-.

2. Um fornleifaskráningu

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum og sérílagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegum upplýsingum um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathuganir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum, og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands á undanförunum árum unnið að þróun aðferða við fornleifaskráningu sem fela í sér að skráningunni er skipt þrjú afmörkuð stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu. Svæðisskráning er gerð fyrir svæðisskipulagsgerð, aðalskráning fyrir aðalskipulagsgerð og deiliskráning fyrir deiliskipulagsgerð. Svæðisskráning felst í öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á skipulagssvæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulegan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107, 2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ..." Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda

er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstaði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mó gröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 14. gr. þjóðminjalaga segir m.a.: "Nú telur ... sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir ... skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum."

Það eru því hagsmunir framkvæmdaaðila að hægt sé fletta upp í ábyggilegum skráum um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum. Einnig eykst nú skilningur á að fornleifar eru vannýttar auðlindir í ferðaþjónustu en forsenda þess að hægt sé að velja staði til kynningar fyrir ferðamenn er að til séu heildstæðar upplýsingar um menningarminjar, ástand þeirra og staðsetningu á viðkomandi svæði.

Að auki má minna á að mat á því hvað teljast markverðar fornleifar hefur lengst af tekið mið af sögu lands og þjóðar í heild. Minni gaumur hefur verið gefinn að sérkennum ákveðinna svæða og fornleifum sem eru markverðar í samhengi héraðssögu. Af þessum ástæðum er eðlilegt að fornleifaskráning sé unnin í nánu samstarfi við sveitarstjórnir og stofnanir þeirra, með hliðsjón af þörfum þeirra.

3. Fyrri athuganir og skráning

Fyrstu fornleifakönnun sem kunnugt er um á Núpsstað, gerði Brynjúlfur Jónsson árið 1909. Hann ræðir bæjarnafnið í grein í Árbók hins íslenska fornleifafélags og færði rök fyrir þeirri kenningu að bærinn hefði upphaflega staðið undir Lómagnúpi og verið við hann kenndur. Til stuðnings máli sínu vísar hann í frásögn Njálssögu af draumi Flosa. Brynjúlfur skoðaði einnig og fjallaði um bænhusið á Núpsstað. Þessi hugmynd um færslu bæjarins er mun eldri og kemur fram í Jöklariti Sveins Pálssonar frá 1795 (FSP, 538) og má vera að um arfsögn úr sveitinni sé að ræða.

Árið 1931 var bænhusið á Núpsstað friðlýst. Það hafði þá lengi verið notað sem geymsla og stóð svo áfram allt þar til það var gert upp á árunum 1958-1960. Gísli Gestson gerði nokkrar rannsóknir á staðnum á sama tíma og birtist grein eftir hann um bænhusið í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1961. Þar dregur hann í efa eldri kenningar um staðsetningu bæjarins sem byggðar voru á Njálssögu. Í greininni fjallar hann þó aðallega um kirkju og síðar bænhusið á Núpsstað, rekur sögu þess og fjallar um ástand þess og gerð.

Nokkrum árum seinna var Gísli enn á ferð á þessum slóðum og rannsakaði þá allar þær gömlu byggingar sem þá stóðu uppi í túni og einnig nokkrar tóftir annars staðar í landi Núpsstaðar. Um þetta birti hann grein í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1969. Þar lýsir Gísli öllum byggingum ítarlega og birtir einnig kort, teikningar og ljósmyndir af gömlum húsum. Í greininni er einnig teikning og lýsing af bæjarhúsum eins og þau voru um 1890 en þá teikningu byggði Gísli á viðtölum sínum við Hannes Jónsson bónda, gömlum ljósmyndum og þeim bæjarhúsum sem stóðu uppi.

Fram til ársins 2001 fóru ekki fram frekari fornleifarannsóknir á Núpsstað ef frá er skilin stutt úttekt Jóns Jónssonar á fornum slóða í landi Núpsstaðar.²

² Jón Jónsson. 1979. "Um fornan slóða í landi Núpsstaðar". *Árbók hins íslenska fornleifafélags*.

Haustið 2001 fór Kirkjubæjarstofa þess á leit að Fornleifastofnun ynni fornleifaskráningu á Núpsstað og í kjölfarið fór fram svæðis- og aðalskráning á jörðinni.

4. Samantekt um sögu Núpsstaðar

Samkvæmt Landnámabók er Núpsstaður í landnámi Gnúpa-Bárðar sem bjó á Gnúpum (ÍF I, 322, 323). Landnám hans náði um Fljótshverfi allt, þ.e. milli Núpsár og Hverfisfljóts sem í öndverðu hét Almannafljót. Fjölmargir afkomendur Bárðar eru þekktir en ekki er frá því sagt að neinn þeirra hafi búið á Gnúpum eða í landnámi hans. Hinsvegar greinir Landnámabók frá því að Hróar Tungugoði, dóttursonur Leiðólfs kappa landnámsmanns í Skaftártungu, hafi tekið Lómagnúpslönd af Eysteini Þorsteinsyni tittlings. Af þessu hlutust deilur og vígaferli milli Hróars og ættingja Þorsteins sem lyktaði með vígi Hróars og frænda hans (ÍF I, 301-302, 326-29). Talið er að Landnámuhöfundar hafi um þetta efni haft fyrir sér týnda Íslendingasögu, Hróars sögu Tungugoða (Jón Jóhannesson: Gerðir Landnámabókar, 118-20). Af upplýsingum í Landnámabók má þó sjá að þegar þessir atburðir áttu sér stað, um miðja 10. öld miðað við að Hróar átti systur Gunnars frá Hlíðarenda, hefur ætt Gnúpa-Bárðar ekki lengur ráðið löndum í Fljótshverfi heldur afkomendur Eyvindar karpa, landnámsmanns á Fossi. Sonur hans, Brandur eða Brandi, sem var að vígi Hróars, bjó á Gnúpum og Auður dóttir Eyvindar var kona Þorsteins tittlings, móðir Eysteins, þess sem átti Lómagnúpslönd.

Lómagnúpslönd hafa væntanlega verið í kringum Lómagnúp og sennilega náð yfir land Núpsstaðar og nærliggjandi jarða. Væri átt við aðeins eina jörð hefði verið sagt Lómagnúpur. Þó ekki sé mikið á þessu byggjandi má draga þá ályktun að á 13. öld hafi verið uppi hefðir um að austasti hluti Fljótshverfis hafi upphaflega verið ein eign, líklega með Lómagnúp sem aðalbýli. Það gæti verið hin forna Lómagnúpsókn, þ.e. Núpsstaður og Rauðaberg og ef til vill Fagriskógur, þó auðvitað sé ekki útilokað að Kálfafell hafi einnig verið hluti af Lómagnúpslöndum.

Bærinn Lómagnúpur kemur ekki við sögur fyrr en 1201 en þá var Guðmundur góði þar á ferð og dvaldi hjá Lómagnúpsbónda sem hét Örn eða Árni (Bsk I, 466-67, SturlR I, 146-47). Fjallsins Lómagnúps er getið í Njáls sögu (ÍF XII, 346-47) og örnefnið Lómagnúpsandur kemur víða fyrir í fornritum, eldra nafn á Skeiðarársandi. Af frásögn Prestssögu Guðmundar af komu hans til Lómagnúps 1201 má sjá að þá

þegar hefur Núpsá verið farin að brjóta lönd, og þá hafa – sem nú – verið eyðisandar austan við ána, austurundir Skaftafell.

Elsti máldagi Lómagnúpskirkju er frá miðri 14. öld, tímasettur til 1343 í Íslensku fornbréfasafni. Þar kemur fram að kirkjan átti tvo þriðju hluta jarðarinnar auk fjöru, sem væntanlega hefur verið til viðbótar við þann hluta fjörunnar sem fylgt hefur jörðinni. Einnig átti kirkjan allnokkurn búfénað. Í Lómagnúps sókn voru einungis tveir bæir, Lómagnúpur og Raufarberg (nú Rauðaberg) og var bænhús á Raufarbergi sem prestur frá Lómagnúpi þjónaði. Auk prestsins var djákni við kirkjuna á Lómagnúpi (DI II, 777-78). Af þessu sést að Lómagnúpur hefur verið í flokki stórbýla sem höfðu eigin kirkju og prest en litla sem enga sókn og er slíkt yfirleitt vísbending um að býlið sé fornt, og að þar hafi búið auð- og/eða áhrifamenn á 11. og 12. öld.

Annar máldagi Lómagnúpskirkju er frá 1397 og bætir hann litlu við þann fyrri nema að þar kemur fram að Gyrðir Ívarsson biskup í Skálholti (1350-60) hafði gefið til Lómagnúpskirkju búfénað frá kirkjum á Jökulfelli í Öraefum og Seljalandi, væntanlega í Fljótshverfi fremur en undir Eyjafjöllum (DI IV, 199). Þetta bendir til að Lómagnúpskirkja hafi á þessum tíma þótt styrks þurfi. Í þessum máldaga kemur einnig fram að staðarhaldari að nafni Gunnar hefur verið á Lómagnúpi á seinni hluta 14. aldar. Kirkjan átti meirihluta jarðarinnar og höfðu Skálholtsbiskupar því byggingarráð hennar samkvæmt sættargerðinni í Ögvaldsnesi 1298. Það var sjaldgæft að kirkjujarðir sem biskupar höfðu þannig forræði fyrir væru einnig að hluta í eign leikmanna og getur það tæplega hafa verið farsælt fyrirkomulag. Einhverntíma fyrir 1575 eignaðist kirkjan svo alla jörðina og var þá farið að kalla jörðina Núpsstað. Nafnbreytingin stafar greinilega af breytingum á eignarhaldi. Eins og fjölmargir kirkjustaðir – þ.e. kirkjulén – var nafnliðnum –staður bætt við nafn bæjarins og það orðið Lómagnúpsstaður, sem síðar var stýtt í Núpsstaður. Engin rök eru fyrir þeirri hugmynd sem Sveinn Pálsson virðist vera upphafsmaður að, að nafnbreytingin bendi til að bærinn hafi verið fluttur og hafi upphaflega staðið undir Lómagnúpi. Það er enda vel þekkt að stórbýli taka oft nöfn af áberandi náttúrulegum fyrirbærum sem eru í talsverðum fjarska frá sjálfum bænum eða a.m.k. ekki nær þeim en öðrum (t.d. Mælifell í Skagafirði, Ljósavatn, Sauðafell í Dölum). Máldaginn frá 1397 sýnir að þegar á 14. öld hefur prestur skipaður af Skálholtsbiskupi setið jörðina, eða a.m.k. þann hluta hennar sem kirkjan átti, og má þessvegna vera að þá þegar hafi verið farið að kalla Lómagnúp stað, en ekki kemur þó sú nafnmynd fyrir fyrir en á seinni hluta 16.

aldar. Máldaginn frá um 1570 ber með sér að þá hafði hallað heldur undan fæti fyrir kirkjunni hvað varðar skruða, en kvikfé átti hún nægt, talsvert meira en fylgdi henni á 14. öld, og hefur prestur sá sem hélt staðinn að léni þessvegna geta haldið sig sæmilega (DI XV, 702).

Eftir siðaskiptin breyttust áherslur í kirkjustjórnun og farið var að líta á kirkjur fyrst og fremst sem hús fyrir sóknarbörn til að safnast saman í til að hlýða á prest flytja guðs orð. Af þeim sökum voru flest bænhús og smákirkjur lagðar niður og smásóknir eins og sú sem fylgt hafði Lómagnúpskirkju sameinaðar stærri sóknum. Það varð og að á 17. öld var prestskyld tekin af Núpsstað og kirkjan þar lögð undir prest á Kálfafelli – bænhúsið á Rauðabergi hefur sennilega verið löngu fallið þá. Eftir að prestur hætti að búa á Núpsstað var litið á jörðina eins og hverja aðra stólsjörð og hún byggð leiguliðum. Eins og fjöldi annara smákirkna sem ekki þóttu hafa hlutverki að gegna lengur var kirkjan á Núpsstað lögð niður með konungsbréfi 1765. Óvenjulegra var að húsið var ekki rífið og stendur það enn – minnisvarði um hinar fornu íslensku smákirkjur.

1812 voru Skaftafellssýslur sameinaðar í eina og ákveðið að sýslumannssetur skuldi vera á Núpsstað, en það varð skammvinnt fyrirkomulag og 1840 var jörðin seld undan Skálholtskirkju og hefur verið í eigu leikmanna síðan.

5. Fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (EY, SF o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SF-089:001). Fornleifaskrá jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og fjallað um sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.


Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir

auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður, nátttröll eða hellir sem hefur t.d. verið notaður sem skjól fyrir fé eða til að geyma hey í). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum, mínútum og sekúndum. Mæling hnattstöðu var gerð með GPS staðsetningartækjum og var mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er innan við 10 metrar að meðaltali. Staðirnir voru færðir inn á stafrænar loftmyndir frá Loftmyndum ehf og við það notað hnitakerfið Ísnet 93. Eru hnitin í skránni sýnd á því formi til samræmingar við hnitakerfi Ísnets 93. Þar sem getur um “heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat hvort minjastaðurinn er í hættu. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í Heimildaskrá aftast í skýrslunni.

SF-089 Núpsstaður



Uppdráttur Gísla Gestssonar af bæjar- og útihúsum á Núpsstað frá 1969. Tölurnar vísa til fornleifa í skránni hér að neðan.


Kirkjustaður, sóknarkirkja til 1765 en bænhús síðan. Núpsstaðar er getið í Njálssögu í sambandi við draum Flosa Hildibrandssonar, en þá finnst honum hann vera staddur "at Lómagnúpi og ganga út ok sjá upp til gnúpsins.", ÍF XII, 347. Hannes Þorsteinsson fjallar um nafn bæjarins í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1923, bls. 12: "Núpsstaður [Lómagnúpur]. Forna heitið hélt fram á 16. öld, sbr. Fbrs. II, IV, (Vilkinsmáld.) og V.

Um 1470 er enn nefndur Lómagnúpur (Fbrs. V) en Núpsstaður í Gíslamáldaga (1575). Lómagnúpur var fyrrum >staður< eða >beneficium< (fram undir 1600) og kirkjustaður til 1765, og hefur það valdið breytingunni á nafninu."

1847: Jarðardýrleiki 10 hdr.

1859: "Þar er heyskapur nokkuð lítill, en útigangur einhvor hinn besti hér í hverfi. Þar er fjárgeymsla mjög örðug, og jörð liggur undir ágangi af skriðum og grjóthruni og hefur frá því fyrndinni mikið gengið af sér að slægjum, þar sem nú er stór sandleira framundan bænum, sem áður var besta stararengi." SSSk, 171.

1920: Tún 3,4 ha. engar upplýsingar um sléttun. "Jörðin Núpsstaður er austasta jörðin í Hörgslandshreppi [er í þeim hreppi síðan 1892] og þar með í Vestur-Skaftafellssýslu. Hún er ein af landstærstu jörðum landsins enda nær hún frá yfir hluta Skeiðarársands, allt frá sjávarmáli til Vatnajökuls. Jörðin er landkostamikil beitajörð og fylgja henni Hvítárholt og Eystrifjall þar sem áður gekk villifé sjálfala um langa hríð á síðustu öld." SB VI, 38.



Uppdráttur Gísla Gestssonar af bænum á Núpsstað eins og hann var um 1890

Bærinn er 360-380 m norðan við Þjóðveg, ofarlega í túni. Ekki er merkjanlegur bæjarhóll. Bæjarheildin er um 60 X 23 m að stærð. "[bærinn] stendur í sléttu, hallandi túni og snýr framhlið á mótí landsuðri. Að baki bænum og vestan hans gnæfir snarbratt hamrafjall með turnum og tindum, og velta þaðan stór björg allt niður að húsum, en annars eru brekkurnar neðan hamra víða grasigrónar, og hafa þar verið settar trjáplöntur til prýði og einnig til að binda svörðinn og stöðva snjó. Svo sem 3 km austan og norðaustan við bæinn rís Lómagnúpur um 600 m þilbratt upp af Skeiðarársandi, og eru þar talin mest hamraflug á Íslandi, þeirra sem ekki rísa úr sjó. Núpsstaður hét áður "at Lómagnúpi", en er stundir liðu fram og þar var orðinn kirkjustaður, breyttist nafnið í Núpsstað." GG "Bærinn dregur nafn sitt af Lómagnúpi.", segir í örnefnaskrá A.G.

"Víst er talið að Núpsstaður sé sami bær og Lómagnúpur. Og óefað er landaeygnin sama. En bærinn hefur vissulega á sínum tíma verið fluttur, þó þess sé hvergi getið. Hann hefir áður staðið beint niður undan núpnum. Það sést af Njálu kap. 133: Þá er Flosi segir Katli úr Mörk draum sinn, tekur hann svo til orða: >Ek þóttumst staddr at Lómagnúpi ok ganga út ok sjá upp til gnúpsins<. Auðséð er, að orðin >at Lómagnúpi< eiga hér ekki við örnefnið, heldur bæinn. Flosi þykist fyrst vera inni í bænum og svo ganga út úr honum. Þá sá hann upp til gnúpsins. Það gat hann því að eins sagt að bærinn hafi staðið framundan núpnum. Frá Núpsstað sér maður ekki upp til núpsins, heldur austur til hans, og svo mundi að orði kveðið, ef bærinn hefði, þá er Njála var rituð, staðið þar, sem Núpsstaður stendur nú. Hitt er auðvitað, að þá fram á aldir leið, hefir það sýnt sig, að bænum var ekki óhætt framundan núpnum fyrir hlaupum Núpsvatna. Þar hafa þau fært sig mjög vestur, svo að þau hafa lagt undir sig breitt svæði vestur með núpnum og útundir Núpsstað. Hafa þau fyrir fám árum spilt engjum þar, er liggja út frá bænum vestur að austurjaðri hraunsins. Þaðan fylgja þau hrauninu austan og suðaustanmegin, þar til er hrauntangi bægir þeim frá mýrinni. - Bæjarnafnið mun ekki hafa breytt nema óbeinlínis. Það liggur nærri að hugsa sér það á þá leið: Bærinn, sem stóð undir núpnum, hefir verið stórbýli, og verið kallaður Lómagnúpsstaður (eins og t.d. Kálfafellsstaður). En það svo verið styt í Núpsstaður, og því nafni hefir bærinn haldið, þó hann væri fluttur. Sóknarbær Lómagnúpskirkju eru horfnir, - nema ef Rauðberg hefir legið þar til, en ekki til Lundar, sem eg skal láta ósagt. Í staðinn fyrir kirkjuna að Lómagnúpi hefir verið sett bænhús á Núpsstað. Það stendur enn og má kalla stæðilegt." segir Brynjúlfur Jónsson í Árbók 1909. "Í 133. kap. Njálu segir Flosi svo frá draumi sínum: "Eg þóttist vera að Lómagnúpi og ganga út og sjá upp til gnúpsins". Af þessu hafa menn viljað ráða, að bærinn hafi áður staðið undir hlíðum Lómagnúpsins sjálfs, enda eigi þá nafn bæjarins betur við. Sithvað er þó við það að athuga. Varhugavert er að taka of bókstaflega orð, sem eiga að lýsa kynjum í draumi. Próffessor Einar Ól. Sveinsson hefur bent á, að ein aðalfyrirmynd draumsins sé sótt í Dialoga Gregorísuar mikla, þar sem segir frá atburði í munkalífi einu í staðnum Suppentona, en þar kom rödd "á háu bjargi, því er nær var munkalífínu..(ab alta rupe vox facta est)". Þegar höfundur Njálu segir "upp til gnúpsins", er það ef til vill ekki síður stefnan frá munkalífínu í Suppentona upp á hið háa bjarg, sem ræður orðavalinu, en afstaða bæjarins á Núpsstað til Lómagnúps. Enn fremur má ætla, að höfundi Njálu sé Lómagnúpur einkum minnisstæður af ferðum sínum fram hjá núpnum, en það er einhver stórkostlegasta sjón, sem fyrir ber, að horfa upp til Lómagnúps af þeirri leið, og gat vel höfundinum verið miður hugstætt útsýnið heiman frá bænum, enda þótt stórkostlegt sé. Ekki má heldur gleyma því,

að oft gætir ónákvæmni í landlagslýsingum Njáluhöfundar...Loks er á að líta, að austan og sunnan Lómagnúps er Skeiðarársandur (Lómagnúpsandur) og falla þar Núpssvötn, sem áður nefndust Lómagnúpsá, fram með hliðinni og mundu vera hættuleg fyrir bæ á þeim slóðum, enda voru í henni hlaup þegar um árið 1201. Það mælir og gegn bæjarstæði undir (norð-) vesturhlið Lómagnúps, að sól kemur þar seint á morgnum og væri örðugt að þurrka þar töður. Ekki virðist heldur eins grasgott þar austur við núpinn sem heima við bæinn. Auk alls þessa verður að hafa í huga, að austur við Lómagnúp hafa aldrei fundizt menjar um bæ og engin örnefni né munnmæli sem benda til bæjarstæðis þar. Ég hallast að þeirri skoðun, að bærinn að Lómagnúpi hafi staðið á svipuðum slóðum og bærinn á Núpsstað stendur enn og hafi aldrei eftir að byggð festist staðið nær Lómagnúpi" GG:"Gamla bænhusið á Núpsstað".

"Ef við hefðum komið að Núpsstað sumarið 1890 og komið neðan við túnið, hefði mætt auganu allstór bær undir geigvænlega bröttu fjalli, en hliðin neðan hamra sáð stórbjörgum, sem öðru hvoru hafa oltið þaðan, sum alveg heim að bæjarhúsunum. Austast ber fyrir stakt hús, sem snýr í austur-vestur í afgirtum reit. Það er bænhusið [002]...Norðan við kirkjugarðshornið og fast við það sér á austurenda stórs langhúss, búrs og skála, stóra græna þekju með tveimur misstórum gluggum, dálítið aftan við framlínu bæjarins. Þá taka við 8 burstir í röð, austast Litlahús, þá bæjardyr, stofa, fjós með baðstofu, Litlaskemma, smiðja, skemma og hallur vestast. Austustu 4 burstirnar eru hæstar, og líklega er bæjarburstin þeirra reisulegust. Bæjardyrnar ásamt Litluskemma, smiðju og hjalli eru með alþiljum, en Litlahús, stofa og skemma eru með hálfþiljum yfir gluggadekkjum. Á fjóslofti eða baðstofunni mun hafa verið þilþríhyrna. Á bak við þessa röð sést önnur húsaröð; tvær hlöður á bak við vestri húsinn og þriðja hlaðan nokkru vestar en vestasta hús fremri húsaröðarinnar, þó það sjáist ekki neðan af túni, og loks má vera að við sjáum einhversstaðar í gegnum húsasund í kamarsburstina efst og aftast allra húsanna. Þegar frá eru tekin þilin, sem upphaflega voru bikuð, er bærinn algrænn á sumrum. Veggir og kampar, sem snúa fram að hlaðinu, eru að vísu hlaðnir úr torfi og grjóti á víxl, einkum neðantil, en venjulega vex svo mikið gras úr torfinu, að veggurinn er grænn tilsýndar. Aðrir veggir eru snydduhlaðnir, svo að gróin jörð breiðist eins og einn feldur yfir öll þessi hús." GG: "Gömul hús á Núpsstað" [Sjá ítarlega lýsingu á öllum bæjarhúsunum í greininni].

Ástand bæjarhúsa á Núpsstað er fremur gott. Nokkrar breytingar hafa orðið frá lýsingu GG á húsaskipan um 1890. Byggt hefur verið ofan á og bárujárnsklæddur austasti hluti húsanna. Þegar það var gert var hús milli fjóss og skála (stofa, kaffi kammers) líka rifin. Einnig hefur Litla skemma verið rifin. Milli tveggja hlaða aftan í bæjarsamstæðunni var um 1930 byggður rafmagnskofi og frá honum lá lækur niður túnið (í horn kálgarðsins 013) og að Krosshóli. Smávægilegar viðgerðir og endurnýjun hafa einnig átt sér stað en á heildina lítið standa bæjarhúsinn enn lítið röskuð og í ágætu ásigkomulagi. Fyrir framan smiðjuna eru þrjár steinar, nokkuð sokknir í jörðu. Sá vestasti var hestasteinn en járn var lamið á þeim austasta.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Núpsstaður A.G., 1; BJ: Brynjúlfur Jónsson, "Rannsókn í Vestur-Skaftafellssýslu sumarið 1909" Árbók 1909, 9; GG: Gísli Gestsson, "Gamla bænhusið á Núpsstað" Árbók 1961,61-63; GG: Gísli Gestsson, "Gömul hús á Núpsstað" Árbók 1969,16-17.

SF-089:002 hús bænhus 63°57.37.0 SekN 17°34.43.59 SekV
"Austan við bæjarhúsið á Núpsstað er kirkjugarður, og í miðjum garðinum stendur lítið hús með torfveggjum og þaki, vöxnu grasi og hvönn. Húsið var notað sem skemma, en einlægt nefnt bænhusið." GG. Húsið var á tímabili notað sem skemma en það var gert upp 1958-1960. Bænhusið er um 20 m ASA af íbúðarhúsinu á Núpsstað. Það stendur í aflíðandi brekku sem hallar mót suðri. Vegur heim í hlað liggur í krók um bænhusið norðan við það og svo með austur- og suðurhliðinni.

LÓMAGNÚPUR (NÚPSTAÐUR) Í FLJÓTSHVERFI (SF) -Nikulási

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 5

[1343]: Lomagnvpur Gamall maldagi.

Nichulas kirkia ad lomagnupe ä tuo hlute j heima lande. iij kyr. fimmtiju asadar og iiij giellær. naut tuævett. hundradz hest og x. aura. Jnnann veggia eina huijlu. þrenn messuklædi ad ollu og messustack. iiij alltaraklædi oc iij auka. kaleik j. oc þrenn corporalia. kiertistikur iij. smellta kross. glodakier oc elldbera. ix merkur vax. slopps ij oc ij. kantara kapur. kluckur iij oc tiolld vmmhuerfis kirkiu. iij merkur j bokum. munnlaug. rodokross[a] iij. sacrarium munnlaug. trieskrijn med reliqvivs. halft setta. c. fiuru. hun a oc stil oc lectara. þangat liggia vnder ij. bæer. til tijundar oc er bænhus ad raufarbergi. oc takazt af vj aurar. þar skal vera prestr oc diakn. Máld DI II 777-778

1397: CCXXXVII. Lomagnvpur.

Nichulaskirkia ad Lomagnvpi aa ij hluti j heimalanndi.

þrenn messoklædi ad aullu. messostack. iij alltarisklædi. iij dvka oc kaleik. iij corporalia. iij kiertistikur. smelltann kross. glodarkier oc elldbera. viij merkur vax. sloppa ij og ij kantarakapur.

kluckur iij og tiold vmmhverfis kirkkii. iij merkur I bokum. Sacrarium munnlaug. trieskrijn med Reliquiis. stoll.

Hun a halft sietta hundrad fiuru.

iiij kyr. L asaudar. iiij gielldar ær. naut tuævett. iij hundradz hross.

Jtem lagdi Herra Gyrdur til kirkiunnar xij ær oc kv fra Jokulfelli oc fra Selialandi xvij ær.

þangad liggia ij bæer til tijundar og er bænhSF ad Rafarbergi oc takast af vj aurar.

þar skal vera prestur oc diakn.

Jtem lagdi Herra Otthgier til c vadmäla.

portio Ecclesie vmm næstu xij år medann sijra Gunnar hieilt cc. oc fell nidur c. firir kirkiu adbot; Máld DI IV 199

1575:

CCCXXVII.

Kirkian ad Nupstad. sem ad gomlu heitir Lomagnupur. a hun heimaland alltt og halftt siotta hundrad fiuru.

thangad liggia .ij. bæir.

Jtem i frijdu .vij. kyr og .Lx. asaudar. jc i geldum saudum. og hestur a hundrad.

Jtem i kirkiunni .j. klucka. Jtem .iij. koparstikur. Jtem altarisbuningur einn. kaleikur litill med silfur.

Jtem lagdi Gisli kirkiunni messuklædi med klucku. Jtem mælisketil. Máld DI XV 702

Varð annexía frá Kálfafelli, síðar bænhús (PP, 42)

17.5.1765: Bænhús á Lómagnúpi lagt niður; (PP, 42) [konungsbréf]

"Saga kirkjunnar. Ekki er vitað hvenær fyrst var gerð kirkja að Lómagnúpi, en talin er hún meðal prestskyldra kirkna í kirknatali Páls biskups Jónssonar frá því um 1200. Elzti máldagi kirkjunnar er máldagi Jóns biskups Sigurðssonar frá því um 1340 [sjá hér að ofan]...má sjá að kirkjan er prýðilega efnuð og ágætlega búin, ekki sízt af svo fásóttri kirkju að vera. Í Vilchins máldaga frá 1391 [sjá hér að ofan] kemur fátt nýtt fram. Þó má sjá að kirkjan hefur efnast nokkuð að lausafé, en hefur þó eignast fátt nýrra gripa. Nú verður gert hlé á máldögum, unz kemur að máldaga Gísla biskups Jónssonar frá því eftir 1570 [sjá hér að ofan]. Þar kemur fram, að nú á kirkjan allt heimaland, en raunar er varasamt að treysta máldaganum, þar eð hann er greinilega ónákvæmur. Þó er víst, að kirkjan er vel efnuð enn, en kirkjuskrúða hefur farið talsvert aftur. Árið 1645 vísiterar Brynjólfur biskup Sveinsson kirkjuna á Núpsstað í fyrsta sinn og ritar um það mjög fróðlega skýrslu: "Nikulásarkirkja að Lómagnúpi á tvo hluti í heimalandi, þriðjungur í jörðinni liggur undir Skálholtskirkju og leigð þaðan. Kirkjan á 6 hundr. fjöru. Kirkjan í sjálfu sér stæðileg að nokkru, þó ágengin, 4 stafgólf - - - Í friðu eru með 7 kúgildi, en 4 eru á Kálfafelli hjá séra Þórði Guðmundssyni, eftir hans eigin handskrift, en hvað meira kirkjan á í friðu og dauðu er eftir að spyrjast hjá séra Magnúsi Péturssyni. - - - Skikkar biskup Raufarberg aftur undir Núpsstað." [Eitthvað voru]...prestarnir í nágrenninu... að sölsa eignir og tekjur kirkjunnar undir sig, og líkaði Brynjólfi biskupi það stórilla, enda vildi hann leiðrétta ósómann. Séra Magnús á Hörgslandi var samt ekki á því að sleppa því, sem hann hafði komizt yfir, og þótt Brynjólfur væri röggSAMUR, þá var Magnús seigur og þybbaðist við, og mun biskup aldrei hafa náð kúgildunum af honum. Árið 1657 vísiterar Brynjólfur aftur, og er þá búið að endurbyggja kirkjuna, og er lýsing á henni í vísitazubókinni: "Kirkjan nú að öllu væn og ný, 5 stafgólf alþiljuð bak og fyrir og að báðum hliðum með reisipili og steinhellugólfi. Altari með grátu og prédikunarstól, fjalagólf í kórnum, bekkir um kór og kirkju báðum megin. Hálfpil kvennamegin milli kórs og kirkju. Hurð á jarnum með jarnhring, loft yfir fremsta stafgólfi. Hefur þetta allt að nýjum viðum uppsmíðað Einar Jónsson"...Síðasta vísitazía Brynjólfs er dagsett 16. september 1672. Þar segir meðal annars: "Það allt er til í vörzlum og varðveizlu Einars Jónssonar, sem áður hefur kirkjunni fylgjandi skrifað verið. Fimm kúgilda virði hefur biskupinn meðtekið í Skálholti með rifinni kirkjunnar klucku til hennar endurbætingar, þá guð vildi frið og lukku til gefa. Utan voveiflegan tilfallandi skaða mun kirkjan verða að ábyrgjast þann sem ei er í sjálfs haldi. Önnur fimm kirkjunnar kúgildi og hundraðs ketill standa hjá séra Magnúsi Péturssyni...Hér á staðnum eru eftir sex kúgildi, því ekki sýnist jörðin fær um fleiri með fullum vörzlum, fyrir blæstri, skriðum og vatnagangi, sem árlega aukast og yfiringanga..." Aldrei gafst friður né lukka til að gera við hina rifnu kirkjuklukkuna, enda tekur nú að halla undan fæti fyrir Núpsstaðakirkju. Hitt er alvarlegra [en blástur, skriðuföll og vatnagangur] að þeir sem áttu að vera forsvarsmenn hennar, ræktu það hlutverk sitt slælega eða gengu beinlínis á hlut kirkjunnar...Í vísitazubók Þórðar biskups Þorlákssonar er enn lýsing á kirkjunni... Kirkja og kór með 5 stafgólfum til samans, hvorutveggja alþiljað í rjáfri, síðum báðum og bak og fyrir. - - -Loft alþiljað með dyaumbúnaði yfir fremsta stafgólfi í kirkjunni. Ekki er ljóst hvar dyrnar hafa verið á loftinu. Verður helst að ætla að þær hafið verið á austurbili og við þær notaður laus stigi. Hvergi annarsstaðar kemur fram að kirkjan hafi verið alþiljuð í rjáfri...Í vísitazubók Jóns biskups Vídalíns segir (30. sept. 1706): "Kirkjan í sjálfri sér í fjörum stafgólfum, höggsperra ein í kór á stöfum, hurð á jarnum skrálous...Loft í fremsta stafgólfi. Húsið er stæðilegt að veggjum og viðum, alþiljað utar í gegn með fóðruðum bekkjum

umhverfis, tafla er ein yfir altari lakkeruð." Í vísitazíubók Jóns biskups Árnasonar 11. maí 1727:...með hurð á járnum, skrá og lykli..." ...og 28. maí 1734:"...ein standfjöl er fallin úr greypingunni í fremsta stafgólfi karlmannamegin og gaflveggurinn er tekinn til að verða hrörlegur, einkum fyrir ofan bita." Seinustu vísitazíur Núpsstaðkirkju voru frá hendi Finns biskups Jónssonar árin 1755 og 1763..."...Kirkjan sjálf er í 5 stafgólfum, alþiljuð utar í gegn með hálfþöðruðum bekkjum umhverfis, þiljuð bak og fyrir, með hurð á járnum, skrá og lykli. Loft er uppí fremsta stafgólfi. Milli kórs og kirkju er hálfþil að norðanverðu, þar fram af er kvensæti með bekkjum, bríkum og bakslám. Húsið er vel stæðilegt að viðum, en að veggjum lakar, þó ekki ósæmilegt..."...Með konungsbréfi 1765 var þessi kirkja lögð niður ásamt mörgum fleirum [sjá hér að ofan]...Enda þótt kirkjan væri nú ekki lengur sóknarkirkja að lögum, stóð húsið samt enn með einhverjum eða mestöllum skruða sínum. Í vísitazíu Kálfafells 1779 sést þó, að þangað er kominn silfurkaleikurinn frá Núpsstað, sem mun hafa verið bezt gripur Núpsstaðarkirkju...[Flestir gripir kirkjunnar eru taldir hafa týnst eða eyðilagst] og er skemmst frá því að segja, að ekkert hefur varðveitt til vorra daga af hlutum þessum. Jafnvel kaleikurinn, sem kominn var að Kálfafelli, er horfinn...Nú er á Núpsstað klukka, sem mun vera úr skipi og er vissulega ekki sú rifna klukka, sem þar var árið 1763...Ekkert er vitað um stærð eða útlit þeirra kirkna, sem voru á Núpsstað á miðöldum, hvort þær voru timburkirkjur eða þær voru undir torfi. Þeim er hvergi lýst, og þær hafa ekki skilið eftir þau ummerki, að neitt þvilíkt verði af ráðið. Tæplega hafa þær samt verið stór hús, þar eð þangað hafa ekki átt sókn nema svo sem 40 sálir, þegar flest var. Árið 1645 stóð þar gömul kirkja, líklega fyrsta lútherska kirkjan og ef til vill hin síðasta katólska...Þessi forna kirkja hefur...vart verið lengri en rúmí 7 m eða litlu lengri en kirkjan, sem enn er á Núpsstað, og hefði auðveldlega komið fyrir í sömu tóft vegna lengdar. Trúað gæti ég, að þessi kirkja hefði verið svipuð þeirri næstu á eftir, og dæmi það þó aðeins af orðalagi á lýsingu þeirrar kirkju, en þar kemur hvergi fram að hún þyki nýstárleg...Nýja kirkju byggði Einar Jónsson á Núpsstað skömmu fyrir 1657...Hefir tóftin vafalaust verið hlaðinn upp að nýju, úr því veggir voru orðnir lasnir árið 1645. Þessi kirkja er 5 stafgólf, en ekki er víst, að hún hafi samt verið stærri en gamla kirkjan. Hafi öll stafgólfin í nýju kirkjunni aðeins verið 2 álnir, eða um 120 sm, þarf öll kirkjan ekki að hafa verið lengri en 6 m...Það er kirkja Einars Jónssonar, sem enn stendur þegar séra Jón Steingrímsson gegnir þar embætti sóknarprests árið 1783. Bænhúsið. Í katólskum sið voru bænhús lögmætar stofnanir allt eins og kirkjurnar. Það voru guðshús í eigu bónda, og gat hann keypt þjónustu til þeirra...af sóknarpresti sínum samkvæmt lögakveðnum taxa. Eftir siðaskipti var þetta allt lausara í reipunum...enda lögðust þau smátt og smátt niður öll saman...Eftir 1765 hættir kirkjan á Núpsstað að vera sóknarkirkja, en þó messa prestar þar enn, og er þá eðlilegt að líta á hana sem bænhús, en engin sérkenni bænhúsa hefur hún...og fram undir 1800 var kirkjan raunverulega bænhús, en alla 19. öld og fram til þessa dags hefur hún miklu fremur verið skemma, en þó notuð sem bænhús þá sjaldan að jarðað var þar...EKKI skal að neinu um það spáð, hver hefðu orðið örlög þessa gamla guðshúss, ef allt hefði farið fram með eðlilegum hætti, en nú dundu yfir...Skáftáreldar, sem hófust á hvítasunnudag árið 1783 [og séra Jón Steingrímsson tók allt lauslegt úr bænhúsinu þegar hraunstraumurinn tók svo austlæga stefnu að ekki þótti óhætt]...Hér eftir fækkar mjög heimildum um kirkjuna...síðari hluta [19.] aldarinnar var hún notuð sem skemma, og jafnframt voru stundum hýstir þar ferðamenn...Árið 1879-1880 fékk Einar sýslumaður Thorlacius húsið á leigu og bjó þar. Má vera, að hann hafi látið lagfæra eitthvað í því. Eftir það hefur þessu húsi aldrei verið breytt, að hefur að vísu verð lagfært bæði að veggjum og eitthvað að viðum og þakið verið endurnýjað, en að öðru leyti óbreytt fram til ársins 1958, er Þjóðminjasafnið tók að sér að sjá um endurbætur og viðhald kirkjunnar...

Kirkjugarðurinn og ástand hússins fyrir viðgerðina 1958. Kirkjugarðurinn á Núpsstað er austan bæjarins, en áður náði austurendinn á búrinu, sem rífið var 1892 lítið eitt austar á móts við norðvesturhorn garðsins. Kirkjugarðurinn var ferhyrndur, með beinum veggjum, en mjög skakkhyrndur, 19-23 m langur austur - vestur og 16 m breiður. Kirkjutóftin er einnig með þráðbeinum veggjum, en mjög hornskökk, 8,5 m löng og 7 m breið að utanmáli. Veggir ákaflega þykkir, allt að 2,5 m, hlaðnir úr grjóti bæði utan og innan. Þeir voru stæðilegir að utan en talsvert farnir að leggjast að viðum og jafnvel komnir að hrúni í austurenda. Kirkjan var fyrir viðgerðina þiljuð í sundur og var hvor endi tvö stafgólfi. Í austurenda, kórnum, voru stafgólfin aðeins 1,12 m hvort, en í vesturenda 1,80 m. Gæti þessu munur bent til, að áður hafi verið þrjú stafgólfi í vesturenda, hvert 1,20 m að lengd. Vesturgافل var með allgóðu fornu reisuþili með listum, hurð forn en væn á miðjum gaffli með járnhring, skrá og lykli. Yfir miðjum dyrum var lítill gluggi með tveimur rúðum. Vindskeiðar voru með venjulegu lagi, óskreyttar. Að austan hálfþil með einum fjögurra rúðna glugga, í djúpri kistu neðst á þilinu, og breitt gluggadekk austan hans á milli hærri veggja. Allur þessi gافل ásamt glugga, kistu og vindskeiðum reyndist ónýtur af fúa. Timburgólf var í kór, og náðu gólfjalirnir sum staðar nokkuð vestur fyrir þverþilið inn í vesturendann, en þar var moldargólf og þó stór hella í gólfinu innan við dyrnar á vesturgaffli. Gólfíð í kórnum mátti heita ónýtt og bitarnir undir því mjög fúnir. Húsið var "alþiljað bak og fyrir og að báðum hliðum með reisuþili" eins og segir í vísitazíu Brynjólfs biskups frá

1657. Það var þannig gert, að innan á stafi upp á móts við sperrutær voru negldar syllur með nót að neðan. Upp í nótina var stungið fjöllum eða spjöldum, sem stóðu að neðan í nót í breiðum fótlistum, sem negldir voru á stafina neðanverða í vesturenda, en niðri við gólfið í kór. Í vesturenda var spjöldunum þannig háttað, að nót var í annarri brún, en tappi í hinn, sem féll í nótina á næsta spjaldi, en í kór var listi með tveimur nótum á milli spjaldanna, en brúnir þeirra féllu í nótir listanna. Það var sérkenni á þilinu í vesturenda, að það náði lengra niður í innra stafgólfi en því fremra. Var fótlistinn því í tvennu lagi, og voru ytri endar eystri lista negldir á miðstafina neðan við innri enda ytri fótlistanna. Ekki verður með vissu skýrt, hvernig á þessum mismun stendur, ef til vill hefur staðið svona á efninu eða bekkjum hefur verið öðru vísi háttað utan til í húsinu en í innra stafgólfi. Neðan við þiljurnar sá alls staðar út í veggi í framkirkju. Þiljur í vesturenda voru í sémilegu lagi og fótlistar einnig nema innri, lægri fótlistarnir. Í kór var ástandið snöggt um verra, þar voru mörg spjöld ónýt, sum voru horfin og nýjar bætur komnar í staðinn. Allir fótlistar í kór voru ónýtir. Í vesturenda var loft, loftfjalir í innra stafgólfi máttu heita ónýtar og sumar vantaði. Í ytri enda var helluþak undir torfi á langböndum, en sums staðar vantaði hellur, og var þá innst járnplata undir torfinu. Í kór var ágæt skarsúð úr mjög breiðum fjöllum. Millipilið var svipað að frágangi þiljunum í kórnum, en dyraumbúnaðurinn var þó nýlegri að sjá. Annars er allur aldurs samanburður á þiljum hússins örðugur. Þilfjalirnar eru allar úr samskonar viði og svipaðar að gerð, og skemmunotkunin hefur sett sín spor á viðinn og máð þann útlitsmun, sem annars kynni að hafa verið sjáanlegur. Það sem horfið er úr kirkjunni er altari, grátur, prédikunarstóll og allir bekkir. Auk þess ein sperra og stafir undan henni. Nýtt er loftið í framkirkju líklega allt. Gamla loftið var aðeins í fremsta stafgólfi, sem líklega hefur verið í styttra en fremsta stafgólfi er nú...Ekki er unnt að segja með neinni vissu hvað í húsinu kann að vera upprunalegt. Hurðin er fornleg og væn, hringurinn í henni er trúlegt að sé úr kirkju Einars Jónssonar. Skrá og lykkill gæti sem bezt verið sú skrá og lykkill, sem sett var í kirkjuna eftir 1706...Í bitanum framan við kór er far eftir dyrastafi 10-15 sm sunnar en í miðju. Það sýnir að tekið hefur verið 10-15 sm meira af suðurenda bitans en norðurenda. Hve vítt húsið hefur verið áður, er ekki unnt að sjá, en ef þverbekkir voru í því, hefði húsið þurft að vera nær 40 sm víðara eða um 2,80 á breitt um miðju...Einhvern tíma hefur hellugólfið verið tekið úr kirkjunni; í henni var síðast moldargólf og ekki finnanlegar neinar hellur undir..Árið 1825 skýrði Jón Hannesson á Núpsstað Gísli Brynjólfssyni eldra frá broti af rúnasteini á Núpsstað. Síðar týndist það, en Hannes Jónsson fann það í bænhúsveggnum árið 1937. Brotið er nú komið í Þjóðminjasafnið (Þjms. 15211). Á því stendur: her huiler biorn, þ.e. Hér hvílir Björn. Ekkert annað er vitað um þann Björn. Í kirkjugarðinum á Núpsstað vestan við syðri kamp kirkjunnar liggur steinn á leiði. Hannes Jónsson segir, að þar hafi áður sézt sex leiði hlið við hlið, og lá steininn á nyrzta leiðinu. Var mælt að þetta væri sérstakur grafreitir, er til vill fyrir Rauðabergsheimilið. Nú eru þessi leiði runnin saman í eina lága þúst. Legsteinninn er fimmstendur blágrýtisdrangi, 130 sm að lengd, mesta þykkt 30 sm. Letrið er mest allt á einum fletinum 20 sm breiðum og er einfalt strik umhverfis letrið, þar stendur: her:huiler:kristin:ualentinus, á örðum fleti stendur án þess að strik sé umhverfis: Doter, þ.e. hér hvílir Kristín Valentínusardóttir. Ekki hefur tekizt að finna, hvaða kona þetta var." GG

Á 19. öld voru fleiri legsteinar í garðinum sbr. fornleifaskýrslu frá 1817: "... α) paa det forrige Kirkested Núpstad en meget gammel [Ligesten], rimeligvis ikke yngree end fra det 15de Aarhundrede i det mindste. β) Paa samme Sted har man for faa Aar siden fundet en i Kirkegaarden med en Runelinie, men Stenen er saa slidt og bedærvet at den neppe kan aftegnes. γ) Ligeledes et Brudstykke af en anden Steen med tre Runebogstave." FF, 91.

"Í staðinn fyrir kirkjuna á Lómagnúpi hefir verið sett bænhús á Núpsstað. Það stendur enn og má kalla staðilegt. Það er uppgert með >grind< og er þiljað að innan. Þó er þilverkið nú brostið á einum stað. Það kvað vera eftir Niklulás trésmið Jónsson, bróður séra Brynjólfs í Vestmannaeyjum. Hvorki er nú altari né ræðustóll í bænahúsinu. Enda hafa þar ekki verið sungnar tíðir í manna minnum. Jón bóndi á Núpsstað lætur sér þó ant um viðhald bænahússins." BJ

"Ampi [sá er fórst þegar Ampaklettur hrundi yfir hann] átti að hafa verið jarðaður í norðvesturhorni bænhúsgarðsins.", segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá.

Friðlýsing: "Núpsstaður. Gamalt bænhús með garði í kring." ÁÓG.

Kirkjugarðsveggurinn er mjög gróinn, ekki síst að innanverðu. Að norðan er hann hlaðinn utan í brekkuna og hæð því engin sé staðið utan hans.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Núpsstaður ath. og viðb., 5; BJ: Brynjúlfur Jónsson, "Rannsókn í Vestur-Skaftafellssýslu sumarið 1909" Árbók 1909, 9; GG: Gísli Gestsson, "Gamla bænhúsið á Núpsstað" Árbók 1961, 61-81; DI; ÁÓG: Ágúst Ó. Georgsson "Fornleifaskrá", 63; Anders Bæksted: Islands runeindskrifur, 200-201; FF I, 91.

SF-089:003 Vestralambhús "VII.

hús lambhús

63°57.39.3 SekN 17°34.36.4 SekV

Vestralambhús...drjúgan spöl norðaustur frá kirkjugarðinum er lambhús,..." GG. Samkvæmt túnakorti frá 1920 var Vestralambhús tæpa 50 m austnordæstan við austurúttvegg bæjarins. Húsið stendur enn undir þaki, tæpa 35 m norðaustan við norðausturhorn kirkjugarðs og tæpa 20 m vestan við 004. Fast neðan við eru tún (sem enn eru slegin) en ofar grösugur blettur upp að túngirðingu þar sem tvö fjárhús og rétt standa (003, 004 og 014).



"Þetta var að stofni til gamalt

hús gert upp með mæniás. Liggur norðurendi hans á gafhlæði, og síðan standa 3 stoðir á miðju gólfi undir honum. Fyrrum voru hlaðnir kampar og gafli í húsinu, og þá lá suðurendi mæniássins á þeim gafli, en nú er nýlegt bárujárnsþil fyrir húsinu, og hvílir ásendinn nú á þilsperrunni. Dyr eru í framþilinu, 70 sm víðar og 145 sm háar. Helluþak er á húsinu undir torfi. Það liggur á röftum. sem ná frá mæniás út á veggjapalla. Jötur eru sín með hvorum vegg, hæð og dýpt líkt og lýst var í húsi VI [Geitakofi]. Talið er að þetta hús taki 50 lömb." GG.

Vestralambhús, horft til norðausturs

Utannmál hússins er 10 X 7 m. Það er gróíð að utan nema suðurveggur en þar er timburstafn. Tvennar dyr eru á honum, austast og vestast. Húsið er með timburgrind sem gengur niður á garða í húsinu miðju. Þakið er úr hellugrjóti sem raðað hefur verið ofan á timbrið og síðan tyrft yfir. Garðinn hefst um 0,5 m norðan við timburgaflinn og nær að norðurvegg. Þrjár stoðir ganga inn í garðann miðjan. Innannmál hússins er 7,2 X 2,9 m. Austur og vesturveggir eru hlaðnir úr grjóti og ná 1,4 m hæð en norðurveggurinn er hæstur eða 2 m. Húsið er niðurgrafið til norðurs og utanfrá er hann einungis um 1,2 m að hæð. Nokkuð stórt grjót er í hluta hússins, sérstaklega í norður- og vesturvegg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920, GG: Gísli Gestsson, "Gömul hús á Núpsstað" Árbók 1969, 37-38

SF-089:004 Eystralambhús hús lambhús

63°57.38.9 SekN 17°34.35.4 SekV

Eystralambhús, horft til norðurs



Innandyra í Eystralambhúsi



"VIII. Eystralambhús...Beint norður af húsi VIII eru

nokkrir mjög stórir klettur í túnjaðrinum." GG. Samkvæmt túnakorti frá 1920 var Eystralambhús 70 m austnordæstur af austurúttvegg bæjarins. Húsið stendur enn undir þaki. Það er um 20 m austan við 003 og 20 m neðan (sunnan) við rétt 014. Fast neðan við eru tún (sem enn eru slegin) en ofar grösugur blettur upp að túngirðingu þar sem tvö fjárhús og rétt standa (003, 004 og 014).

"Húsið er svipað hinu lambhúsinu, [003] en þetta er enn með hlöðnum kömpum, 1,50 m

þykkum, og innst yfir dyrunum, sem eru aðeins 55 sm víðar og 112 sm háar, er eins konar sperra, sem stendur á þvertré og ber mæniásinn þannig, að ofan ganga sperrukjálkarnir á misvíxl og liggur mæniásinn í greipinni, en hinn endi ássins liggur á gaflhlaðinu og auk þess standa tvær stoðir undir honum á miðju gólfi. Jötur eru með veggjum fram, 25 sm víðar og 20-25 sm víðar og 20-25 sm djúpar, en grjótbálkurinn, sem er undir jötunum, er 40-45 sm hár. Eru því um 65 sm upp á jötubrún, þegar húsið er taðlaust, en minnkar niður í svo sem 30 sm. Þegar húsið er fullt af skán á vorin. Í þessu húsi rúmast 30 lömb." GG.

Húsið er alveg grasi gróið að utan. Það er niðurgrafið, sérstaklega norðurhluti þess sem er grafinn inn í brekkuna. Að utan er húsið 1,3-1,4 m á hæð þar sem það er lægst í norðurbrekkunni. Fjórthúsið er 9-9,5 m á lengd en 5 m á breidd. Op er á miðjum suðurvegg og er inngangurinn 1,5 m breiður. Að innanmáli er húsið 4 X 3 m að stærð. Jötur eru meðfram austur og vesturvegg endilöngum. Í húsið hafa að hluta verið notaðir stórir grjóthnullungar. Það er víðast 1,7 m að hæð að innan en þar er norðurveggur hæstur eða um 2 m á hæð. Þakið er úr bárujárni og hvílir það á timburás sem liggur á austur- og vesturvegg. Líklegt er að skipt hafi verið um þak síðan 1969 því GG lýsir tveimur stoðum sem ganga niður í garðann en þær eru horfnar nú. Þær hafa þá verið hluti af timburgrind sem hélt uppi hellugrjótsþaki.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920, GG: Gísli Gestsson, "Gömul hús á Núpsstað" Árbók 1969, 38

SF-089:005 *Efstahesthús* hesthús



Efstahesthús, horft til norðurs

63°57.35.7 SekN 17°34.41.7 SekV
"III. Efstahesthús. Skammt norður frá húsi II [þ.e. Stórahesthúsi, 011] er enn hesthús. Bæði hesthúsin snúa eins, en þetta stendur uppi við vesturenda traðanna. Það er nokkru minna en hitt hesthúsið." GG. Efstahesthús er 10-15 m vestur af vestasta húsinu í bæjarröðinni.

Breiður stígur liggur frá bílastæðinu á Núpsstað að norðvesturhorni hússins en þaðan liggur tröðin til austurs í átt að bænum og bænhúsi. Sunnan og suðaustan við eru sléttuð tún (sem enn eru slegin).

"[hesthúsið] er nokkru minna en hitt hesthúsið, 5 m l., um 2 m br., en hér er allsterklegur mæniás, sem nær óstuddur út á bæði gaflhlöð. Reft er af honum út á vegg, og þar yfir er helluþak undir torfi, en í þessu húsi eru annars hvorki bitar né

sperrur. Umbúnaður dýra er svipaður og í II [Stórahesthús], en nú er komin hurð fyrir það innst í dyragangi. Áður var því lokað með slagbrandi. Hæð dýra er 137 sm, og br. 60 sm. Í báðum endum eru hlaðnir 50 sm háir stallar, og á þeim eru um 50 sm br. jötur og ná jötubrúnir upp í 100 sm hæð." GG.

Til austurs frá norðurvegg hússins liggur garðlag sem sameinast kálgarði 013. Hesthúsið stendur enn uppi og er það í sæmilegu ásigkomulagi utan þess að suðurhluti þaks er hrunin ofan í húsið. Húsið er hlaðið úr grjóti og er 12 X 5 m að utanmáli. Austur- og vesturgafnar eru hæstir en þar ná grjóthleðslur um 2 m hæð. Þakið hvílir á timburgrind en sjálf þakið er gert úr hellugrjóti sem tyrft hefur verið ofan á. Op er á suðurvegg miðjum en það er nú ófært sökum þess að hluti þaks er hrunin inn. Húsið er nú nokkuð gróið. Garðlag liggur frá húsinu að kálgarði 013 og einnig í suðurátt að hesthúsinu 011 - samtals 22 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920, GG: Gísli Gestsson, "Gömul hús á Núpsstað" Árbók 1969, 34-35

SF-089:006 garðlag túngarður

63°57.32.524 SekN 17°34.39.918 SekV

Grjóthlaðinn túngarður liggur með túninu alls staðar nema að sunnan. Þar var áður torfgarður sem nú er horfinn undir tún. Syðst er garðurinn á sléttlendi en land hækkar eftir því sem norðar dregur og er norðurhlíðin öll í nokkrum halla, neðst í gróinni fjallshlíð.

Upptök garðsins suðvestast eru 2 m norðan við lítinn læk sem rennur undir heimreiðina 10-15 m norðan við þjóðveg. Á þessum stað eru hálfgrónir melar og engin eiginleg túnrækt. 20 m norðar er rof í garðinum þar sem ekið hefur verið yfir hann, um 4 m breitt. 10 m norðan við það er gamli

Þjóðvegurinn sem liggur gegnum 4 m breitt skarð í garðinum og áfram suður fyrir túnið. Þessi hluti garðsins er illa farinn og stendur vart steinn yfir steini. Efnið er blandað: hraungrýti og blágrýti. Norðan gamla þjóðvegarins tekur við túnraekt og garðurinn heldur sínu striki. Syðst í túninu er hann hruninn og að miklu leyti sokkinn og hulinn háu grasi. Á honum er gömul vírgirðing. Á þessum slóðum sést hvergi hraungrýti og er hleðslugrjót fremur smátt. Ástand garðsins batnar eftir því sem norðar dregur. Heimreiðin liggur gegnum garðinn 330 m norðan við upptök hans. Þar er rörabrú og um 5 m breitt hlið. Þar sveigir garðurinn til norðausturs og mætir suðvesturhorni Syðstahesthúss (012) eftir 8 m. Hann heldur svo áfram norðan við hliðið. Garðurinn er heillegur þar, allt að 1 m hár, frekar hlykkjóttur en hvergi sérlega vel hlaðinn. Lítið hlið er í gegnum garðinn vestan við Flatasteinshesthús 007 og stígur í gegnum það. Hann endar þar við Flatastein og heldur áfram norðan við hann. Ofan við Flatastein eru klettur, þar verður hlé á garðinum en sum staðar er hlaðið í bil milli klettanna. 50-70 m norðaustur af hesthúsinu við Flatastein eru nokkur há birkitré. Vestan við þau hefst garðurinn á ný og liggur 5 m langt hleðslubrot frá honum til suðurs vestan við trén, e.t.v. skjól fyrir þau. Norðurhlið garðsins er heil og óslitin í brekku, aðeins verður hlé á garðinum þar sem réttin 014 er. Þó er hún hvergi sambyggð garðinum. Víða sjást leifar af eldra túngarði með norðurhliðinni, fast innan við þann sem enn stendur. Þessar leifar eru algrónar og alveg signar. Eitt hlið er á austurhlið garðsins, 3 m breitt. Út frá því liggur algróið og sigið garðlag til norðausturs, 30-40 m. Það hefur líklega verið úr torfi. Þá kemur stakur en mjög heillegur garðbútur. 40-50 m langur, liggur í boga, austur-vestur um 10 m austan við túngarð. Þar mun hafa verið rétt sem m.a. var notuð til rúnings, grindur voru settar fyrir hleðsluna að sunnan. Túngarðurinn endar við gamla þjóðveginn.



Túngarður, horft til suðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 2

SF-089:007 Flatasteinshesthús hesthús

63°57.36.3 SekN 17°34.43.4 SekV

Í Núpsstaðartúni: "Í túnjaðrinum utast er Flatisteinn Vestri, en Eystri-Flatisteinn er upp af bæ. Við Vestari-Flatastein er hesthús.", segir í örnefnaskrá A.G. "IV. Flatasteinshesthús. Dálitlum spöl norðar [en hin hesthúsin, 005, 011 og 012] er nýlegt hesthús byggt upp að stórum kletti í túnjaðrinum, og er kletturinn í raun gafll hússins. Hann heitir Flatisteinn." GG. Húsið er 60 m ofan (norðan) við Efstahesthús 005 og 180 m vestan við 003. Húsið stendur undir þaki norðvestast í túni, 2-3 m frá túngarði. Heimreiðin að bænum liggur fast sunnan við.



Flatasteinshesthús, horft til norðausturs

"Þó að húsið sé nýlegt, hefir það þó einu sinni verið stækkað; lengd þess er nú 6,5 m br. 3,75 m. Húsið er byggt eins og einstæðufjós með mjóa stétt við vesturvegg og þá flór 5 bása og fódurgang meðfram austurvegg. Við suðurenda hússins er yfirbyggð for. Brúnir stallanna ná upp í nær 85 sm hæð, en jötudýptin er um 45 sm, hæð dyra 133 sm, br. 70 sm. Þak hússins er úr bárujárni yfir langbröndum og sperrum. Þetta hús mun Hannes Jónsson hafa byggt handa pósthæstunum, en á vetrum nutu þeir betri umönnunar á milli ferða en aðrir hestar." GG.

Húsið var bæði notað sem hesthús og fjós. Kýr voru hafðar í húsinu í hrakviðrum á sumrin en hestar á veturna. Húsið snýr norður-suður. Dyr eru syðst á vesturlanghlið. Hleðslur eru allt að 1,7 m háar. Kletturinn þjónar sem norðurgafll. Þak er yfir úr járni og gólfið steipt með flór að vestan. Húsið var síðast notað sem geymsla og töluvert af drasli er innandyra. Þó eru innst leifar tveggja bása en jötur sjást ekki. Húsið er 7 X 5 m að stærð. Framan við það vestanvert er einföld hleðsla 5 m löng til suðurs

og 0,5 m há og austan við hana er lítið og lágreist tóft e.t.v. af kofa sem er 2 X 2 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 11; GG: Gísli Gestsson, "Gömul hús á Núpsstað" Árbók 1969, 35

SF-089:008 gata traðir



Traðir að Núpsstað, horft til austurs

útihúsin standa á. Á þessum slóðum er því tröðin nokkuð djúp (1 m er frá garðtoppi niður á tröð en 1,5-2 m frá bæjarröðinni og niður á traðarbotninn). Hún er 0,8-9,0 m að breidd. Grjóthellur eru á víð og dreif í botni hennar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 7

SF-089:009 geitakofi



Geitakofi, horft til norðurs

sm víðar og álíka djúpar, og stallarnir undir þeim um 45 sm háir, þegar húsið er taðlaust. Á þessu húsi er létt bárujárnsþak, hurð er fyrir dyrum, sem eru 130 sm háar og 55 sm víðar." GG.

Inn í húsið voru einnig stundum settir hestar. Kofinn er grjóthlaðinn, hæð mest 0,8-0,9 m. Dyr eru á miðjum suðurstafti og eru þær um 1m á breidd en 1,3 m á hæð. Jötur eru enn meðfram austur- og vesturvegg. Að utanmáli er húsið 5-6 m á breidd en um 6,5 m á lengd. Það er grafið inn í brekkuna norðan við og að utan er norður-stafn ekki nema 0,7 m á hæð. Að utan er húsið að mestu gróið, einnig þakið en grjóthleðslur í suðurhlið eru greinilegastar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: GG: Gísli Gestsson, "Gömul hús á Núpsstað" Árbók 1969, 36-37

SF-089:010 hænsnakofi

Hænsnakofi var 8-9 m sunnan við geitakofa 009. Hann hefur nú verið rifinn en þó má enn sjá húsgrunninn. Hann er á hæð vestan við bæjarröðina og ofan við tröðina sem liggur í átt að bæ og kirkjugarði. Kofinn var ofan traðar, á milli kálgarðs 013 og efsta hesthússins 005. Tóftin er á grasi

63°57.35.788 SekN 17°34.41.219 SekV

Tröð liggur að bænum á Núpsstað. Hún hefst um 20 m austan við hlið á vesturvegg túngarðs, 25 m austan við bæjarlæk og fast ofan við Efstahesthús 005. Liggur um tún, milli torfbygginga að bæ.

Tröðin liggur til vesturs nokkuð beint í um 40 m að hjalli sem er vestast í fremri bæjarröðinni. Þá beygir tröðin til suðausturs (í um 8 m) en liggur svo áfram í átt að íbúðarhúsi (um 30 m). Þessa síðustu 30 m er tröðin hins vegar einungis dæld. Leiðin lá svo áfram meðfram íbúðarhúsi og að kirkju en beygði svo með kirkjugarði til suðurs og aftur til austurs. Vestarlega afmarkast tröðin að sunnan af garðlagi sem liggur frá Efstahesthúsi 005 og kálgarði 013 en að norðan af hæðinni sem bæjar- og

63°57.36.3 SekN 17°34.42.4 SekV

"VI. Geitakofi. Einhvern tíma á búskaparárum sínum byggði Hannes Jónsson þetta hús í gamalli tóft, sem þá nefndist Nýjatóft, skammt norður frá húsi V [þ.e. hænsnakofi frá 1930, sem stendur niður við traðir litlu austar, en á móts við Efstahesthús, 005]." GG. Geitakofinn stendur enn fast vestan við kálgarð (þar sem nú er rabbabari) sem er vestast í bæjarröðinni. Fast austan við er kálgarður og bæjarröðin, ofan við húsið er bílvegurinn heim að Núpsstað en umhverfis er annars grasi gróið.

"Upphaflega var þetta geitahús, en þegar geitabúskapur lagðist niður um 1930, var farið að nota húsið fyrir hrúta. Það er að stærð 3, 25 m á hvorn veg og eru dyr á miðri suðurhlið, en jötur við báða gafla, um 25

vaxinni hæð sem er framhald bæjarsamstaðunar. 1,5-2 m eru frá hæðinni niður á tröðina.

"[húsið] er að l. 3 m, br. 2 m og lengd dyragangs 2,25 m, dyrahæð 130 sm, br. 53 sm. Húsið er með skúrþaki undir mjög þykkum moldar- eða torflagi, og er þessi umbúanaður nú orðinn heldur ótraustur." GG.

Nú sést einungis gróinn grunnur eða sigrin tóft. Hún er um 4,5 X 5,5 m að utanmáli. Op hefur verið austarlega á suðurhlið en það er nú óskýrt. Hæð 0,3 m. Tóftin er gróin en þó má sjá glytta í grjóthleðslur að innan. Þegar þetta hús var byggt (sem íshús) um 1930 var komið niður á gólfölg og ösku. Telur Filippus Hannesson að þar hafi þeir e.t.v. komið niður á leifar baðstofu. Síðar var í þessu húsi geymt refafóður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

SF-089:011 *Stórahesthús* hesthústöft

63°57.35.1 SekN 17°34.41.1 SekV

"II. Stórahesthús. Nokkru ofar og austar [en Syðstahesthús, 012] er annað hesthús. Það er gamalt, og hefir ekki verið notað sem peningshús nú allengi." GG. Hesthústöftin er 20 m neðan (sunnan) við 005 og fast austan við garð sem liggur frá 005 og að 012. Tóftin er á grasi grónum bletti milli vegslóða sem liggur frá bílastæði og rennisléttu túna (sem enn eru slegin) að austan og sunnan.



Stórahesthús, horft til norðvesturs

"Ekki var því lokað með hurð, heldur slagbrandi um þverar dyr, og var endum hans stungið inn í sérstakar raufar í hleðslunni. Þessar raufar sjást nú ekki lengur. Ekki var þar annar dyraumbúnaður, og nú er hús þetta aðeins notað sem geymsla fyrir ýmislegt gamalt dót. Húsið snýr frá austri til vesturs

og eru dyrnar á syðri langvegg nær vesturenda. Það er 6 m l. og 1,75 m br. Suðurveggur er mjög þykkur, svo að dyragangurinn í gegnum hann er 2,25 m l., en aðeins 70 sm víður, hæð dyra er nú 140 dm. Í húsinu er mæniás, og liggja endar hans á gaffhlöðum. Vestan dyra er biti um þvert hús og liggur á tveimur stoðum. Á honum miðjum er dvergur, sem ber mæniásinn. Auk þess er annar dvergur á bitanum nær dyravegg og ber vesturenda langbrands, sem nær aðeins austur á næsta bita, sem er skammt austan dyra. Endar þessa bita liggja úti á veggjapöllum, en ekki á stoðum. Í austurenda hússins er ekki biti, en í hans stað er þar lág sperra, er stendur á veggjapöllum. Hún er styrkt í toppinn með klampa, en á miðri sperrunni eða á sperrutoppnum liggur trébútur og ber hann mæniásinn. Reft er af mæniás út á vegg og er hella á röftunum undir torþaki. Undir röftunum norðanmegin í vesturenda er þó langbrand, sem liggur frá gaffhlaði austur á móts við vestasta bita, og hvílir endi hans þar á eins konar dverg á bitanum [...] Í báðum endum hússins eru hlaðnir grjótbálkar undir stalla, en jötustokkarnir eru horfnir. Yfir dyraganginum liggja tré og á þeim eins konar mæniás, og síðan eru lagðir raftar á þennan umbúnað og þar yfir helluþak með lágu risi. Gólf hússins er flórað með hellu." GG, 34.

Við húsið var upp úr aldamótum kálgarður þar sem ræktaðar voru kartöflur og rófur og einnig var reynt að rækta rauðkál og hreðkur.

Dyrnar á húsinu eru nálægt því að vera á miðjum syðri langvegg. Tóftin er grjóthlaðin og lítt gróin að innan. Hún er í sæmilegu ásigkomulagi og 10 X 7 m að utanmáli. Þak hennar hefur hrunið ofan í tóftina og sömu sögu er að segja um hluta veggjanna, sérstaklega norðurvegginn. Austurveggurinn er þeirra heillegastur og um 2 m á hæð, en einnig er vesturveggur í ágætu standi. Nú er gróið inni í tóftinni, þar liggja leifar þaksins og grjót úr veggjum auk rusls.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: GG: Gísli Gestsson, "Gömul hús á Núpsstað" Árbók 1969, 34

SF-089:012 *Syðstahesthús* hesthús

63°57.34.3 SekN 17°34.41.3 SekV

"I. Syðstahesthús. Vegurinn heim að Núpsstað liggur upp með túninu að vestan, beygir síðan inn um túnhlið og þaðan áfram til norðausturs, unz hann kemur í stuttar traðir, sem liggja beint austur að bænum. Andspænis túnhliðinu var áður hesthús, svipað III [005] hér á eftir, en því hefur verið breytt í



Syðstahesthús, horft til austurs

bílageymslu og sést þar nú enginn forn umbúnaður annar en hlaðnir veggir úr grjóti og torfi." GG.

Hesthúsið er vestast þeirra húsa sem enn standa, andspænis hliði á túngarði sem heimreiðin liggur í gegnum. Norðvestarlega í túni. Heimreiðin liggur skáhallt til norðausturs vestan við húsið, aðeins 1-2 m skilja á milli. Húsið er enn undir þaki en í slæmu ásigkomulagi. Það snýr austur-vestur með dyr í vestur. Trégafl er á húsinu og á honum eru breiðar dyr sem hafa opnast út. Grindin er tekin að skekkjast og veggir teknir að hrynja inn, einkum norðurlangveggur. Nú er járnþak á húsinu og halda hellur því niðri sum staðar. Ull hefur víða verið troðið í glufur milli þaks og

veggja. Húsið er 7 X 4,5 m að utanmáli og veggjahæð allt að 1,6 m. 9-10 m langur hlaðinn garður liggur til norðurs frá norðvesturhorni hússins og tengir hann við næsta hús (011).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: GG: Gísli Gestsson, "Gömul hús á Núpsstað" Árbók 1969, 34

SF-089:013 gerði kálgarður

63°57.36.2 SekN 17°34.40.0 V



Kálgarður, horft til suðvesturs

"Austan við hús V. [Hænsnakofann frá 1930, sem stendur niður við traðir litlu austar, en á móts við Efstahesthús, 005] og VI. [geitakofann, 009] var djúpur kálgarður, sem nú er horfinn úr notkun, en austan hans er hlaða, vestasta bæjarhúsið, og austan við norðurvegg kálgarðsins hefst húsagarðurinn." GG.

40 m vestan við kirkjugarð, framan við vestasta hluta bæjarraðar og um 20 m austan við Efstahesthús 005 var stakur kálgarður sem þó var tengdur Efstahesthúsi með garðlagi nyrst. 10-15 m voru frá norðausturhorni Stórahesthúss 011 að suðvesturhorni kálgarðs. Frá norðausturhorni kálgarðs og að hjalli í bæjarröðinni eru 2 m og þar liggur tröðin að bænum í gegn.

Stærð kálgarðsins var samkvæmt upprætti GG frá 1969 um 20 X 16 m en ekki var hann réttlyrindur. Nú sjást einungis norður- og austurveggur hans en aðrir hlutar hans hafa verið sléttaðir. Norðausturhornið er aflíðandi. Garðurinn er grjóthlaðinn en vel gróinn, sérstaklega að ofan og innan. Hann er víða 1,5 m á breidd en um metri á hæð. Hann er sumstaðar hruninn inn, sérstaklega á það við um vesturvegg. Um 30 m eru frá norðausturhorni garðsins að opi á hleðslunni nálægt Efstahesthúsi 005. Í norðausturhorni kálgarðsins var áður nautakofi sem komin var úr notkun þegar Núpsstaðabráður fóru að muna eftir sér.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: GG: Gísli Gestsson, "Gömul hús á Núpsstað" Árbók 1969, 37

SF-089:014 Réttarklettur hleðsla rétt

63°57.40.8 SekN 17°34.35.4 SekV

"Réttarklettur heitir efst í túni, og utast í túni er Stóriklettur.", segir í örnefnaskrá A.G. "Réttarklettur er norðaustur af bæ. Rétt er við hann.", segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Samkvæmt upprætti GG frá 1969 var réttin 120-130 m norðaustur af norðausturhorni bæjar og 20 m norður af 004. Grasi vaxinn hvammur milli tveggja kletta, annar er stór og grösugur. Austan við er hinn sem er lægri og minna gróinn að vestan.

"Beint norður af húsi VIII [Eystralambhús, 004] eru nokkrir mjög stórir klettur í túnjaðrinum. Þar er gerð stór rétt með því að hlaða veggj á milli þeirra eða reisa þar trégrindur. Réttin er talsvert mannvirki og rúmar fjölda fjár." GG,

Tvíhólfa hlaðin rétt. Stórt óreglulegt hólfr er suðvestar en norðaustar er aflangt hólfr utan í kletti. Rekið hefur verið inn í stóra hólfið að austan en lítil op með dyraumbúnaði úr tré eru að sunnan á tveimur stöðum. Stóra hólfið er 12 X 6 m að stærð en það minna 4 X 11 m með dyr í suður og út frá

suðvestur horni þess er garðhleðsla sem tengir það stóra hólfinu en skilur þau jafnframt að. Hleðslur eru grónar að utan og ekki mikið hrundar, 1,2-1,6 m háar. Norðurveggur stærra hólsins er hlaðinn utan í brekkuna. Vestan við klett sem vesturhluti réttarinnar er hlaðinn utan í eru fleiri réttarhólf úr járni og timbri. Filippus Hannesson segir að kvíær hafi stundum verið mjólkaðar í minna hólfinu, einkum fyrst á vorin þegar þær voru óþekkar. Þarna var fært frá til 1930.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 11; Ö-Núpsstaður ath. og viðb., 7; GG: Gísli Gestsson, "Gömul hús á Núpsstað" Árbók 1969, 38



Rétt, horft til suðvesturs

SF-089:015 frásögn útihús

63°57.37.6 SekN 17°34.26.6 SekV

Að sögn Núpsstaðabræðra stóð útihús um 150 m suðaustur af bæ. Það var sléttað undir tún. Smádaeld í annars sléttu túni. Húsið er alveg horfið. Þetta var lítill kofi, hugsanlega hesthús fyrir 1-2 hesta.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-089:016 frásögn óþekkt

63°57.35.7 SekN 17°34.23.9 SekV

Að sögn Eyjólfsson og Filippusar Hannessonar var torfhlaðið hólft utan við túngarð, um 180 m suðaustur af bæ, utan við svonefnd Vatnshlið. Hleðslan er nú horfin. Sléttað tún. Með suðurhlið túnsins var forðum torfgarður sem var sléttaður. Hólflið var stakstætt utan við hann og gæti hafa verið kartöflugarður. Það er nú alveg horfið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

SF-089:017 Skollastígur heimild um leið

64°00.56.3 SekN 17°28.38.7 SekV

"...Meinagil, sem raunar er sama gil og Skollastígsgil, þegar neðar dregur. Upp af því rís allhá fjallsegg, sem heitir Hvirfildalsöxl. Þá er Skollastígur, Mígandiflár og upp af þessu Skollastígsbrýr. Mígandifláarnir ná suður að Hvirfildalsá.", segir í örnefnaskrá A.G. Skollastígur er um 1 km norðan við Seldal 022. Stígurinn liggur utan í fjallinu ofarlega. Þar eru grænar torfur, ekki allsstaðar samtengdar og þverhníptir klettar, bæði ofan og neðan við. Að sögn Eyjólfssonar þurfti að smala stíginn því að kindur sóttu þangað. Ekki er um eiginlega leið að ræða.

"Þar [við Skollastíg] falla Núpsvötn upp að hömrum og eru þeir nefndir Skógabrýr [...]. Þegar að Skollastígnum kemur er fyrst farið upp gil og síðan eftir rák í berginu upp í stíginn sem svo nær upp að klettabrún. Í gílinu er lækur og fellur í dálitlum fossi af klettabrún neðst í gílinu."

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 7

SF-089:018 frásögn öskuhaugur

63°57.36.4 SekN 17°34.37.2 SekV

Að sögn Núpsstaðabræðra var ösku úr bænum jafnan hent nálægt suðvesturhorni kirkjugarðs. Hversu lengi veit Filippus Hannesson ekki. Jafnað hefur verið yfir hauginn að hluta. Hann er um 15 m sunnan við bæ. Fast neðan við eru sléttuð tún sem enn eru slegin. Ofan við er heimreiðin og sléttuð flöt að bænum 001. Grösug og þýfð hæð er enn merkjanleg þar sem öskuhaugurinn var. Haugnum hefur nú að mestu verið rutt út. Lítil hæð (3 X 1,5 m) er þó enn merkjanleg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-089:019 frásögn þvottastaður

63°57.36.3 SekN 17°34.41.9 SekV

Hlóðir voru fast austan við Flatasteinshesthús 007. Vatni var veitt þangað úr bæjarlæk (sbr. 020) Sléttur hvammur í dálitlum halla mót suðri. Ofar í honum er lítill trjálundur milli kletta. Hlóðirnar eru löngu horfnar en á þessum stað var stundum þvegin ull þegar Filippus Hannesson var ungur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 8; Ö-Núpsstaður ath. og viðb., 5

SF-089:020 frásögn áveita 63°57.38.2 SekN 17°34.46.5 SekV
Bæjarlæk var stundum veitt til suðausturs, austur fyrir Flatasteinshesthús 007 þegar þvo átti ull. Þetta var gert með einfaldri grjóthleðslu. Hlóðir 019 voru austan við hesthúsið 007. Þaðan rann lækurinn áfram niður í traðirnar og út á tún, var þannig góð leið til að losna við grasmaðk sem í vætu skríður upp á stráin og skrælnar í sólskini. Lækurinn rennur í bröttu gili vestan við túngarð 006 en kemur niður á því sem næst jafnsléttu norðvestan við Flatasteinshesthús. Ekki er nú ljóst hvar nákvæmlega stíflað var, þess sjást engar menjar. Lækurinn var forðum ekki jafn niðurgrafinn og nú.
Hættumat: hætta, vegna rofs

SF-089:021 *Krosshóll* örnefni legstaður 63°57.32.4 SekN 17°34.32.0 SekV
"Í túninu niður frá bæ er Krosshóll." segir í örnefnaskrá A.G. Hóllinn er um 200 m suðsuðaustan við bæ 001. Áður var s.k. Rafmagnslæk veitt frá rafmagnskofa í bæjarröðinni (nálægt horni kálgarðs 013) og beina leið suður túnin að Krosshól. Enn sést lægð í túninu á þessum stað, að hólnum. Allt umhverfis hóllinn eru rennislétt tún en hann sjálfur er grasi vaxinn.
Hóllinn er um 1,5 m á hæð en 5-6 m í þvermál. Norður- og austurhlíðar hans eru aflíðandi en vestur- og suðurhlíðar hvassari. Einhver munnmæli hafa gengið um hóllinn og var óljós sögn til um að í hólnum ætti maður að hvíla. Eyjólfur Hannesson segir að grafið hafi verið í hóltoppinn í leit að sannindamerkjum um söguna, án árangurs (enda vill hann meina að rétti staðurinn fyrir "legstað" væri sunnan í hólnum. Heiti hólsins og þessar sagnir urðu þess valdandi að þegar tún sunnan við bæ voru sléttuð var hóllinn einn skilinn eftir.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar
Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 11

SF-089:022 *Seldalur* örnefni sel 63°59.56.381 SekN 17°28.53.961 SekV
"Lítill dalur gengur upp frá ánni [Seldalsá] sunnan í Seldalsöxl; það er Seldalur, og eftir honum rennur Seldalsá. Sunnan við dalinn, í brekkunum, heita Seldalssnið." segir í örnefnaskrá A.G. Seldalur er vestan við Núpsá, nokkur hundruð metrum norðan við vaðið sem nú er notað til að fara akandi yfir Núpsá sem er á ánni.

Seldalur er skálalaga dalur ofarlega í fjallinu, hlíðum girt að vestan og norðan en opnast í suðaustur og er þar bratti niður að Núpsá. Úr hlíðum Seldals falla smásprænur sem sameinast í einn læk neðst og falla fram af brúnni suðaustast niður í Núpsá. Neðan við skálina norðarlega, á smáflatlendisræmu við ána er stór klettur sem lokar ræmunni af. Hann heitir Lambhagahella. Eyjólfur Hannesson telur mögulegt að hafi sel á annað borð verið í Seldal þá hafi verið höfð lömb í aðhaldi, fyrst eftir fráfarur, í Lambhaga.

"Engar tættur eru í Seldal. Þær hefðu getað farið í aura eða uppblástur.", segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 8; Ö-Núpsstaður ath. og viðb.,4

SF-089:023 *Vígakelda* dys legstaður 63°57.13.1 SekN 17°35.31.4 SekV
"Vestur af Teiggsskeri er Björnslág. Þar vestur af er Vindflötur neðan við fjárhúsin neðan við brekkuna ... Vindflötur er neðan við götuna, en ofan götunnar þar á móti er Fjárhúsflötur austur af fjárhúsunum. Þar neðan vegar ofan við mýrina Króksholt, og þar rétt utar, neðan vegar Vígakelda.", segir í örnefnaskrá A.G. "Við Króksholt, í mýrinni, er Vígakelda og Vígakeldukrókur.", segir í örnefnaskrá Þ.T. Sunnan við þjóðveg, eftir að komið er yfir brúna á Krossá á austurleið eru þrjár litlar tjarnir og mun ein þeirra vera Vígakelda. Tjarnirnar eru á mörkum Útmýrar og mela sem hafa myndast af framburði Krossár. Vafalaust hefur umhverfi breyst eftir tilkomu þjóðvegarins.

"Framan við Vígakeldu var völvudys, auðþekkt á því, að í henni voru stuðlabergsdrangar ofan úr fjalli. Þarna voru grafnar tvær völvur. Í tíð þeirra lá ferðamannavegurinn þar hjá, sem dysin er nú. Völvurnar héldu þar til og lifðu á gjöfum ferðamanna, unz greinir gerðust með þeim og þær drápu hvor aðra. Þær voru grafnar við götuna. Af umferð myndaðist tjörn við dysina, og nú er hún sjálf horfin ofan í mýrina. Hannes á Núpsstað man dysina og veit, hvar hún er.", segir í örnefnaskrá Þ.T. "Vígakelda er djúp tjörn, sem er að fyllast upp. Þarna átti einhver að hafa verið drepinn í fornöld. Í henni eru steinar, sem áttu að hafa verið settir ofan á þann, sem drepinn var. Vegurinn er framan við Vígakeldukrók. Keldan taldist vera í honum. Hún lenti framan við veg.", segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Ekkert sést til dysjarinnar.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ö-Núpsstaður Þ.T., 1; Ö-Núpsstaður A.G., 12; Ö-Núpsstaður ath.og viðb., 8


SF-089:024 tóftir

63°57.33.6 SekN 17°29.51.2 SekV

Tóftir eru suðaustan í Lómagnúp, neðst. Þær eru 300 m ofan við Þjóðveg, um 100 m ofan (austan) við þá sprænu Núpsvatna sem liggur næst Lómagnúp. Tóftirnar eru um 4 km austan við bæ. Grasi vaxin fjallshlíð með stórum björgum á víð og dreif. Nokkrir óvenju stórir steinar eru í hlíðinni þar sem tóftirnar eru.

10 m ofan við stóran klett er einföld tóft hlaðin sunnan í stóran stein (A). Tóftin er 5 X 4 m að stærð og grjóthlaðin að innan. Op er á suðurhlíð hennar vestarlega. 15-20 m suðvestan við þessa tóft er sérkennileg dæld (B) milli tveggja kletta. Dældin er 5 X 6-9 m að stærð og afmarkast að ofan og neðan af klettunum. Ekki eru hleðslur greinilegar en þó er vel hugsanlegt að þar hafi verið mannvirki og hleðslur séu útflattar. Um 20 m ofan við (A) er þriðja tóftin sem einnig er einföld. Hún er byggð með nokkrum stórum steinum í vesturvegg og hleðslu frá þeim til austurs og suðurs. Op er á henni til suðvesturs. 2 m vestan við (C) og aðeins ofar er svo fjórða tóftin (D). Hún er einnig byggð upp við mikinn stein sem mjókkar upp (2 m hár) og myndar norðurstafn hennar. Tóftin er 4 X 4,5 m að stærð. Vesturveggur hennar er alveg sokkinn og gróinn en austurveggurinn nokkuð greinilegur og grjóthlaðinn, þó hann sé nú byrjaður að gróa. Tóftin er 0,6-0,8 m á hæð.


Hættumat: engin hætta



SF-089:025 Utastaleiti smalakofatóft

63°57.15.9 SekN 17°35.44.6 SekV

"Vestur af Teigsskeri er Björnslág. Þar vestur af er Vindflötur neðan við fjárhúsin neðan við brekkuna ... Vindflötur er neðan við götuna,



Smalakofi, horft til norðausturs

en ofan götunnar þar á móti er Fjárhúsflötur austur af fjárhúsunum. Þar neðan vegar ofan við mýrina Króksholt, og þar rétt utar, neðan vegar Vígakelda. Þar næst er Utastaleiti." segir í örnefnaskrá A.G. "Á Utastaleiti er smalatóft. Þar var byrjað að hafa ærnar, þegar fært var frá." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Smalakofinn er 100-150 m norðan við brúna yfir Krossá. Á grónum kambi í fjallsrótum. Áfram inn með fjallinu til norðvesturs er töluverð gróska en fjallið verður sífellt brattara uns kemur að fossi í ánni sem lokar grasræmuna af. Gott aðhald. Brattur bakki er rúmum 10 m suðvestan við og þar fyrir neðan hálfgrónir melar, myndaðir af framburði Krossár.

Lítil tóft en heilleg, alls þrjár hliðar en dyr snúa í suðvestur. Stærð 2 X 3 m. Stórir steinar eru neðst í veggjum en minni þegar ofar dregur. Veggir eru lítið sem ekkert gróinir, allt að 5 umfór af hleðslum og hæð allt að 1,1 m. Austurveggur þykkur, e.t.v. meira hruninn en sá vestri. Smalakofinn var hlaðinn fyrir tíð Eyjólfss og Filippusar Hannessonar.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G, 12; Ö-Núpsstaður ath. og viðb., 8

SF-089:026 *Götubalar* gata leið 63°57.17.679 SekN 17°35.26.229 SekV
 "Fjánhúsflötur er austan fjárhúss. Borgarsteinn er lengra út með. Nú sést varla í Borgarhvammi. Austur af Borgarhvammi var slægjuland, sem kallað var Elfting eða Götubalar. Þar voru gamlar götur.", segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Götubalar eru 300-500 m vestur af Fjánhúsfloti 043. Grasi vaxnir hvammar undir fjallinu, víða er stórgrýti sem hefur hrunið úr því. Mýri tekur við sunnan núverandi þjóðvegur.

Á þessum stað sjást vel leifar af gamla þjóðveginum, hann liggur á þessum slóðum 20-30 m norðan við núverandi veg. Um er að ræða malarslóða sem hægt er að aka eftir honum.

Heimildir: Ö-Núpsstaður ath. og viðb., 8

SF-089:027 *Borgarsteinn* hleðsla fjárskýli 63°57.19.4 SekN 17°35.28.7 SekV



Borgarsteinn er ofarlega í suðurhlíðum fjallshlíðarinar (Núpsstaðaheiði), um 300-400 m vestnorðvestur af Fjánhúsfloti 043. Grónir hvammar mót suðri en mikið af stórgrýti sem hefur hrunið úr fjalli. Borgarsteinn er stór klettur 20-30 m neðan við ógróna skriðu. Hann er sléttur og gróinn að ofan en þverhníptur að sunnan og smáskúti undir honum þar. Vottar fyrir algróinni hleðslu framan við hann, 2-3 m langri og mest 0,5 m hárrí. Lokar hún fyrir skútann undir klettinum að hluta.

Hættumat: hætta, vegna skriðufalla

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 8-9

SF-089:028 heimild um leið 63°57.10.4 SekN 17°35.30.1 SekV


"Lómagnúps sandur er gamalt nafn, sem nú er horfið úr daglegu máli. Hann mun hafa verið vestanhallt við miðjan núverandi Skeiðarársand. Þar fann Hannes Jónsson vegarúðning um síðustu aldamót.", segir í örnefnaskrá A.G. Vegurúðningurinn lá að Krossá að austan, um 120 m neðan við þjóðveg. Ummerki hans eru ekki greinileg nú. Slóðinn var í grasbökkum vestan Krossár. Þar er nú grasi og mosavaxið og tekur mýri við fljótlega.

"Hin forna slóð. [Lýsing á] fornlegri slóð, sem hann [Hannes Jónsson á Núpsstað] fann á Skeiðarársandi 1898 eða 1899...Slóðina hafði Hannes fyrst fundið á jökulöldu á sandinum en Skeiðarárhlaup höfðu verið að smáeyða henni og hlaupið 1922 eyddi henni loks að fullu og öllu ... Hannes segir svo [í bréfi til Páls Þorsteinssonar fyrrv. alþingismanns]: "Það rennur á fram á milli bæjanna Rauðabergs og Núpsstaðar, og er nefnd Krossá. Voru háir grasbakkar austan við hana, er hún rann fram og gróf sig undir, þegar ég fyrst man eftir. En svo sem 120 m sunnar er vegurinn er nú (og hefur víst legið yfir 100 ár), voru göturoðningar í grasbakkanum og í þeirri stefnu vestur í hraunbrúnina, vestan við ána, fann ég sams konar veg og á sandinum". Vafalaust er það rétt sem Hannes taldi, að þessi vegur væri mjög gamall. Á grónu landi voru hinar fornu ferðamannagötur oftast dreifðar yfir allbreitt svæði en hraunin þvinguðu þær saman í mjóa rás, og þar varð að kasta grjóti úr götu en slík vegagerð hefur verið viðhöfð í Vestur-Skaftafellssýslu langt inn á þessa öld og stóðu ferðamennirnir sjálfir að því, sbr. t.d. lýsingu Þórarins Helgasonar "Eldhraunið týnt", í bókinni um Lárus á Klaustri (Rvík 1957). Á þessum stað í Rauðbergshrauni er vegurinn mjög greinilegur á tiltölulega sléttu, hálfgrónu hrauni. Þarna virðist um að ræða undanhlaup undan aðalhrauninu, sem myndar all-háa og tiltölulega bratta brún lítið eitt vestar. Hér virðist þá vera ágætt dæmi um venjulega hestagötu, sem orðin er niðurgrafin í urðarkennt hraunið fyrir áhrifum þúsunda hestafóta sem þarna hafa farið um öldum saman. Lausagjótið hefur svo verið týnt úr götunni og því kastað til beggja hliða, þannig að það myndar nú ávala grjótröð, sína til hvorrar handar við götuna. Milli þerra er víðast um 4 m bil en gatan sjálf er víðast ekki nema um 30-50 sm, enda er breidd hennar mörkuð af sporum hestanna. Þarna er því ekki um að ræða veg sem lagður var í eitt skipti fyrir öll, heldur götu sem þróast hefur í aldanna rás fyrir aðgerðir manna og dýra, bundnar þeirri venju að ganga jafnan sömu götu. Þegar vestur fyrir hábrún hraunsins kemur hverfur gatan. Þar eru fornir aurar sem Krossa, og vestar Djúpá, hafa borið út á Rauðbergshraun. Þegar nýi vegurinn var lagður var þarna tekið mikið efni. Hafi gatan verið sýnileg á þeim aurum þá er hún horfin fyrir fullt og allt. Út frá því sem nú er sýnilegt á þessum stað verður því ekkert í það ráðið hvar hinn forni Djúpárbakka-bær hafi staðið. Einhvers staðar þarna meðfram fjöllunum hlaut hin forna ferðamannaleið að liggja alveg eins og okkar nútíma akvegir." JónJ

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 2; JónJ: Jón Jónsson "Hin forna slóð" Árbók 1979, 126-127

SF-089:029 beitarhús 63°57.20.9 SekN 17°35.12.2 SekV

"Fyrir innan Grjóthvamm [sbr. 030] er Háaleiti, sem lokar fyrir sýn hér inn með. Þá er innar annað



leití, sem heitir
Innraleiti. Þar er



Beitarhús, horft til norðvesturs

Innraleitishvammur á milli leitanna. Þar inn af er Fjánhúsflöt og Stórusteinar." segir í örnefnaskrá A.G. 600-700 m suðvestan við Núpsstað, út með hlíðinni þar sem heitir í Hvömmum stendur fjánhús og er hlaða beint aftur af því. Hlaðan var byggð fyrr og var upphaflega notuð sem fjánhús. Húsið stendur neðarlega í grasi vaxinni fjallshlíð. Björg hafa hrunið niður hlíðina og allt umhverfis beitarhúsið eru gróin björg.

"Húsið er ekki gamalt, það er með jarnþaki og dyragafli úr sama efni. Garði er í húsinu vestanhallt við miðju. Vestri króin er að br. 1,50 m, en eystri króin 1,85 m br. Garðinn er 50 sm br. Við austurvegg er jata 25 sm br., en ekki er jata við vesturvegg. Fjánhúsið er talið taka 130 kindur. Hlaða er svo sem fyrr segir beint aftur af húsinu. Hún er 9,80 m l., en aðeins 2,90 m br., gerð upp með tveimur stoðaröðum undir langböndum og helluþaki að mestu, [...] Hlaðan var fjánhús áður, en er henni var breytt í hlöðu var hún lengd sem svaraði kömpunum og nýja fjánhúsið byggt fram af henni." GG.

Framhlið fjánhússins (suðurhlið) er timburþil, klætt járn. Húsið er með timburgrind sem heldur uppi bárujarnþaki sem tyrft hefur verið ofan á. Timburgrindin sem liggur niður á garðann kemur skakkt á hann. Garði hefst um 1 m frá suðurútvegg. Fjánhúsið er 15-16 m að lengd að innanmáli en 4 m á breidd. Hleðsluhæð í austur og vesturveg er mest 1,5 m. Nyrst er gengið upp úr fjánhúsinu um 0,3 m hærra í hlöðu. Hlaðan er mest hlaðin í um 2 m hæð. Þak hennar hvílir einnig á timburgrind. Tvöföld stoðaröð (samtsals 8 stoðir) eru meðfram austur- og vesturvegg. Innanmál hlöðunnar er 10 X 3 m. Bæði hús eru í ágætu ásíggkomulagi. Samtsals eru húsin um 31 X 8 m að stærð. Bárujarnþak er á tóftinni. Hliðar að utan eru grónar. Um 50 m beint vestan við beitarhúsið er mjög stór klettur um 30 m ofan við gamla veginn en 50 m ofan við þjóðveg. Norðan í klettinum er lítil hleðsla.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 7 og Ö-Núpsstaður A.G., 10 og GG: Gísli Gestsson, "Gömul hús á Núpsstað" Árbók 1969, 38

SF-089:030 garðlag áveita

63°57.10.9 SekN 17°35.17.4 SekV

Að sögn Núpsstaðarbræðra var áveita í Útmýri. Hún er sunnan við fjánhúsið 043 sem er austur af bæ. Garðurinn er 140 m austan við Krossá. Hann er í mýri sem er mosavaxinn og vaxinn stór. Garðurinn hefst um 140 m austan við Krossá. Þar liggur hann 45 m til austurs, beygir til norðausturs í 10 m en klofnar svo í tvennt. Annar armurinn beygir til austurs í 10 m en fjarar svo út en hinn liggur í krók til vesturs en sveigir síðan aftur til norðausturs í átt að fjánhúsi 043. Garðurinn er 0,1-0,2 m á hæð og 0,4-0,5 m á breidd vestast en verður breiðari og lægri eftir því sem austar dregur.


Hættumat: engin hætt

SF-089:031 Náthagar garðlag náthagi

63°57.27.8 SekN 17°34.40.2V



Nátthagi, horft til suðurs



"Nátthagarnir eru niður af Stekkartúni, en upp af því er Stekkarhvammur.", segir í örnefnaskrá. Nátthagarnir eru um 300 m suðvestur af bæ 001, norðan við Þjóðveg en 10-20 m vestan við bæjarlæk. Slétt grasflöt sunnan undir fjalli sem nú hefur verið breytt í tún. Gróin lægð er með henni að sunnan og vestan og virðist því sem túnið sé á dálitlum stalli. "...voru tóftir í Nátthögum, en þeir voru plægðir og eru í túni.", segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá.


Grjótgarður er með túninu að norðan og austan, og er nánast 90° horn þar sem hliðarnar mætast. Hvor hlið um sig er um 80 m löng. Austurhliðin er verr farin, einkum syðsti hlutinn sem er sumstaðar að sökkva í jörð. Aðrir hlutar eru mjög heillegir, allt að 1 m háir, 6-7 umför. Garðurinn er hlaðinn úr frekar smáum grjóthnullungum. Vírgirðing er með garðinum og sumstaðar á norðurhlið sjást leifar af gamalli og úr sér genginni vírgirðingu.

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 11


Hættumat: Engin hætta.

SF-089:032

Stekkarhvammur



Stekkur, horft til suðvesturs



stekkjartóft 63°57.28.8

SekN

17°34.51.2 SekV

"Nónklettur er vestan við lækinn í brekku í stefnu á Rembilát. Brekkan heitir Nónjaðar. Þar neðar heitir Stekkartún og Stekkarhvammur.", segir í örnefnaskrá A.G. "Stekkatún er

þar vestan við [Nónklett] og Stekka(r)hvammur niður af því. Tóft sést í honum.", segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá.

Stekkurinn sést enn í fjallshlíðinni um 70 m ofan við leifar nátthagans 031. Hann er um 300 m vestan við bæ 001. Stekkurinn er í grasi vaxinni fjallshlíð sem nær upp að rótum Rembiláts. Hlíðin er á kafi í grasi.

Tóftin er allsigin og gróin. Hún hefur verið niðurgrafin og erfitt er að greina ytri vegg hennar. Hún er þó nálega 5 X 6 m að stærð. Engar hleðslur eru greinanlegar í tóftinni og er hugsanlegt að grjót hafi verið tekið úr henni og notað í annað (e.t.v. nátthagann 031). Ekki er greinilegt op á tóftinni. Hæð innanfrá er 0,3 m og utan 0,1 m. Austurveggur tóftarinnar er skýrari (0,4 m) en sá vestari (0,2-0,3 m).

Um 10 m austan við tóftina er hæð þar sem hugsanlega hafa verið mannvirki. Það er þó ógreinilegt nú.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 11

SF-089:033 frásögn af tóft

63°57.28.8 SekN 17°34.45.6 SekV

Að sögn Núpsstaðarbræðra var tóft, e.t.v. rétt, nálægt norðvesturhorni Stekkatúns 033. Það var innan Náthaga 031. Sléttað, lítið tún undir fjallsrótum. Tóftin er horfin. Samkvæmt bræðrunum á Núpsstað er hugsanlegt að hún hafi verið kvíar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 10-11

SF-089:034 frásögn af tóft

63°57.28.5 SekN 17°34.42.3SekV

Að sögn Núpsstaðarbræðra var kofarúst austarlega í Stekkatúni 032 en það er túnið innan við Náthaga 031. Tóftin var í austurjaðrinum, 30-40 m frá norðausturhorni túns. Sléttað, lítið tún undir fjallsrótum. Tóftin er horfin, enda hefur túnið verið sléttað með stórvirkum vinnuvélum. Ekki er vitað hvers konar hús þetta var, enda ekki notað í tíð Núpsstaðarbræðra.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 8

SF-089:035 Drangavegur heimild um leið

63°57.28.8 SekN 17°35.00.2 SekV

"Rembilátur skagar langt fram úr skriðunni vestan við Klofadranga. Drangavegur liggur upp bak við hann.", segir í örnefnaskrá A.G. Vegurinn lá frá bænum vestur með Rembilát og þaðan til norðvesturs upp á Núpsstaðarheiði. Leiðin var mest farin þegar heiðin var smöluð. Vestan með Rembilát er dæld skáhallt upp fjallið til norðvesturs sem þægileg er uppgöngu þó ekki sjáist götur á þessum stað. Ofar tekur klettavegurinn við.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 11

SF-089:036 lind vatnsból

63°57.36.9 SekN 17°34.46.4 SekV

"Læskambur er venjulega kallaður Kamburinn. Hann er vestan við Bæjarlæk. Við neðri enda á Kambinum er mikil klettabyrping úr stórgrýti, nefnd Gjögur. Þar eru skútar og uppspretta, sem lengi var hægt að sækja vatn í." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Uppsprettan er 10 m vestan við læk og 2 m sunnan við túngarðsbútin sem er vestan bæjarlækjar. Hlið er á túngarði austan lækjar beint á mótis við vatnsbólið. Uppsprettan er í kvos milli fjallsróta og gróins klettahóls. Hvompa í grasi gróna hæð. Hún er 1,5 X 0,4 m að stærð. Dæld liggur frá hvompunni niður hallann til suðurs og virðist svo liggja í átt að bæjarlæknum. Hleðsluleifar eru í hvompunni en hún er nú gróin

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Núpsstaður ath. og viðb., 7



Vatnsból, horft til suðurs

SF-089:037 Helluvegur heimild um leið

63°57.46.144 SekN 17°34.43.478 SekV

"Hér niður af heita Hvammabryr, en beint upp af bæ heitir Hella. Þaðan austur að Bóli heitir Hellubekkur. Hella er ákaflega mikil "hella" í berginu. Upp af Hellubekk er Helluvegur." segir í örnefnaskrá A.G. Vegurinn lá upp austan við Helluna (en það er stærsta klettahellan ofan við bæ) og upp á Núpsstaðarheiði. Mest notað við smölu og þótti verri vegur en Drangavegur. Gróin, brött hlíð ofan túns, svo klettar og klungur. Dálítið skarð er í klettunum austan við helluna ekki sjást greinanleg merki um veginn á þessum slóðum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 11

SF-089:038 *Kinnavegur* heimild um leið 63°57.57.5 SekN 17°34.02.7 SekV
 "Nú er að halda til heiðar. Við förum upp Stórugrjót, sem er stórt gil, þar sem Skorargil endar, og þaðan höldum við til vesturs. Þar uppi eru Stórugrjótardalur, Eystrikinnar og Vestrikinnar. Fremst í Eystrikinnum er Kinnaból. Á milli Kinna er einstigi, sem heitir Kinnavegur." segir í örnefnaskrá A.G. Kinnavegur var mjög erfiður yfirferðar og ekki nema fyrir kunnuga að ætla þar um. Hann var einungis notaður þegar hlíðin var smöluð.

Farið var upp þverhnipt klettabeltið í námunda við Kvíaból 040. Ekki er nú stígur á þessum slóðum og nákvæm leið ekki skýr. Fjallsræturnar eru grasi grónar og aflíðandi niður að gamla þjóðvegi en ofar þeirra tekur við meiri bratti upp af klettabeltinu og hafa miklar grjótskriður fallið þar niður. Enn ofar tekur við þverhnipt bergið.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 11

SF-089:039 hleðsla



hleðsla, horft til norðausturs



Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 12

63°57.44.6 SekN 17°34.17.0 SekV
 "Fyrir austan túnhlíðið er næst Skriða. Þar niður af stórt tún, ávöl bunga. Á henni er Sótasteinn. Upp af Sótasteini er Sótaból, smáblettur upp undir Sótarák.", segir í örnefnaskrá A.G. Hleðsla var við Sótastein, austan túns. Steinninn er 380-400 austan við bæ 001, fast ofan við gamla veginn, nálægt því að vera á mörkum þar sem austustu túnin enda og Dýjamýri tekur við neðarlega. Steinninn er neðarlega í fjallshlíð sem er mosa- og grasivaxin. Skriður hafa fallið niður fjallshlíðina og er Sótasteinn hluti af þeim.

Steinninn er um 8 m á lengd en 7 m á breidd. Hann er 4 m hár. Vestan við hann er L-laga hleðsla sem nær til vesturs í um 3-4 m en beygir svo til suðurs í 3 m. Hleðslan er úr stórum grjóthnullungum. Einföld dæld er frá steininum og nær dældin niður að gamla veginum, jafnvel þó að syðsti steinn hleðslunnar sé 3 m ofan við veg. 4 m ofan við norðurhluta Sótasteins eru nokkrir mosavaxnir steinar í röð (austur-vestur) og gætu það verið leifar af hleðslu.

Hættumat: engin hætta

SF-089:040 *Kvíaból* örnefni kvíar 63°57.57.7 SekN 17°34.13.0 SekV
 "Þar niður af [Sótarák, Sótabóli og Sótasteini, 029] er Heimastihvammur og Grjóthvammur. Þar upp undir klettunum er Kvíaból." segir í örnefnaskrá A.G. "Kvíaból er ofan við Heimastahvamm." segir í örnefnaskrá P.T. "Kvíaból er uppi undir klettum í Grjóthvammi.", segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Kvíadý er neðan við Kvíaból. Kvíaból er norðnorðaustan við Sótastein, uppi undir hamrabelti í fjallinu. Snarbratt hamrabelti en grónar hlíðar neðan við, víða með skriðum og stórgrýti. "Ekki getur um, að kvíar hafi verið þar, en e.t.v. kvíær.", segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá.

Slétt graslengja er meðfram klettunum en niður af henni er grunnt og hálfgróið gil sem liggur niður allt fjallið. Útilokað er að kvíar hafi verið á þessum stað, líklega er Kvíabólið kennt við kvíarnar sem hafa verið neðst í brekkunni, líkt og gerst hefur með Sótastein - (en Sótaból er í nágrenni þess).

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 10; Ö-Núpsstaður P.T., 1

SF-089:041 frásögn rista 63°57.50.2 SekN 1734.30.4 SekV
 Torf var skorið í Dýjamýri en hún er austan við tún. Mýrin er sunnan við gamla þjóðvegin. Dýjamýrin er vaxin mosa og stór. Ekki sjást merki um torfskurð.

Hættumat: engin hætta


SF-089:042 frásögn þvottalaug 63°57.27.7 SekN 17°34.12.1 SekV
Þegar bæjarlækurinn þornaði var ull þvegin í Leirum, um 160 m ofan við brúna yfir ána. Þar voru hlóðir, heldur austar en í stefnu á Krosshól (021) sé staðið framan við gamla bæinn. Hálfgróinn sandbakki, ekkert grjót sést.

Hlóðirnar sjást ekki. Að sögn Núpsstaðarbræðra er mikið áfok á þessum stað og mun meiri sandur en áður var. Hlóðirnar hafa líklega horfið í sand.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 8

SF-089:043 *Fjárhúsflöt*



fjárhústóft 63°58.07.8 SekN 17°33.348 SekV
"Fyrir innan Grjóthvamm [sbr. 030] er Háaleiti, sem lokar fyrir sýn hér inn með. Þá er innar annað leiti, sem heitir Innraleiti. Þar er Innraleitishvammur á milli leitanna. Þar inn af er Fjárhúsflöt og Stórusteinar." segir í örnefnaskrá A.G. "Gömul fjárhústóft er rétt framan við Stórusteina. Upp af henni, uppi undir klettum, er Tóftarból. Gott skjól er þar undir berginu.", segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Tóftin er suðvestarlega í dalverpi sem er vestan við Lómagnúp. Það er fyrir austan (ofan) gamla þjóðveginn.

Tóftin er austan undir háum hömrum, í gróinni brekku móts austri. Neðan við það rennur lækur. Uppgrónir aurar eru í dalsbotninum og allt umhverfi mjög grösugt. Utanmál tóftarinnar er 5,5 X 11 m. Tóftin er greinileg, snýr suðaustur-norðvestur með dyr í suðaustur. Hún er einföld og hefur verið mikið niðurgráfin, einkum nyrst. Veggir eru hlaðnir úr stórgryti og eru mikið hrundir inn á við. Því er ekki hægt að greina garða eða hlöðu. Hlaðinn hefur verið gangur að dyraopinu utanverðu úr mjög stóru grjóti, 1,5 m langur og rúmlega 1 m breiður. Tóftin er 6,5 X 2 m að innanmáli. Tóftaból er uppi undir hömrunum, 200-300 m ofar. Grænn slakki eða sylla. Útilokað er að þar hafi verið mannvirki, og er það líklega kennt við tóftirnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 10; Ö-Núpsstaður ath. og viðb., 6

SF-089:044 heimild um rétt 64°01.28.1 SekN 17°26.12.6 SekV
"Syðst og vestast á Eystrafjalli eru klappholt með stórum og smáum björgum. Þar heita Valabjörg. Innan við Valabjörg er fyrst nafnlaust gil, en innan við þau heitir Sniðabrekka, þar er nokkur skógarló." segir í örnefnaskrá A.G. "Sniðabrekka er skógi vaxin. Framan við hana er lækur, sem heitir Réttarlækur. Þar var rétt, en Súla tók hana." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Réttin hefur líklegast verið 40-50 m norðaustur af snyrtingu sem nú er suðvestan undir Eystrafjalli. Þar er hár klettur sem skagar fram og norðan við hann rennur lítill lækur í gili. Birkihríslur eru vestan við klettana og hálfgróin flöt.

Fjárhús, horft til norðvesturs

Réttin er alveg horfin.

Heimildir: Ö-Núpsstaður ath. og viðb., 1; Ö-Núpsstaður A.G., 13

SF-089:045 beitarhús

63°58.04.2 SekN 17°32.38.4 SekV


"Ofan við [Selhóla] hefur verið byggt fjárhús fyrir ekki löngu og raunar tvö, hvort upp af annars enda og hlaða á milli." segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsin eru um 1,8 km norðaustan við bæ og um 100 m ofan við selið (046). Sléttar flatir austan við nyrðri hluta Selhóla. Norðan við húsið er klettur sem það er byggt upp við.

"...allt undir einu risi járnklæddu; þetta eru garðahús og þó eru jötur meðfram báðum veggjum. Syðra húsið er 5,20 m l. Og 5,30 m br. Hlaðan er jafnbreidd og um 10 m l. Nyrðra húsið er enn jafnbreitt og líkt syðrahúsi, nema hvað það er lengra eða nær 14 m langt. Garðarnir í húsum þessum eru um 60 sm br. Og jötur nær 30 sm br. Krær um 2 m br. hvor. Húsin taka samtals á 3 hundrað fjár. Ofan húsanna er snotur túnblettur." GG.

Húsið snýr norður-suður. Það er enn undir þaki og skiptist í þrennt: syðst er fjárhús, 5 X 5 m að



Beitarhús, horft til vesturs



innanmáli. Grjóthlaðinn garði með tréjötu er í miðju og sömuleiðis garðar með veggjum. Þá tekur við tréþil og handan þess er niðurgrafin hlaða, um 5 X 7 m að stærð. Í syðsta hlutanum hvílir þakið á grjótveggjum en líka á tvöfaldri stoðaröð við garðann. Nyrst er aftur fjárhús handan þils, 13 X 5 m að innanmáli með grjóthlöðnum garða eftir miðju. Garðar eru ekki meðfram veggjum, aðeins lágur hleðslur sem stoðir hvíla á með jöfnu millibili. Járnþak er á húsinu og tyrft hefur verið yfir það. Tvennar dyr eru á austurlanghlið, annars vegar syðst, inn í syðra fjárhúsið og hins vegar nálægt miðbiki, inn í nyrðra húsið. Dyr eru inn í hlöðu sunnarlega á vesturlanghlið. Suðurstafn er úr bárujárnmi ofantil og þar er einn gluggi. Hleðslur eru allsstaðar grónar að ofan, hvergi byrjaðar að hrynja. Í hlöðunni hefur stoðum verið skotið undir þakið hér og þar. Austan við húsið er torfgarður. Hann liggur frá norðausturhorni 35 m til austurs en sveigir þá til suðurs og endar eftir tæpa 60 m. Hugsanlega hefur hann verið undirstaða undir girðingu og er 0,3-0,4 m hár og álíka breiður.

Hættumat: engin hættu


Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 9 og GG: Gísli Gestsson, "Gömul hús á Núpsstað" Árbók 1969, 39-40

SF-089:046 Selhólar seltóft

63°58.010N 17°32.601V



Seltóft, horft til norðurs



"Þá er komið heim að Hlaupi, en það er gamalt grjóthrun frá jarðskjálfta 1790. Heiman við það heita Smárákar. Þá eru Núpskriður ... Meðfram Hlaupinu heimanverðu er mýri, sem heitir Veita [024]. Þar eru einnig Selhólar ... Selhólar eru sker, sem liggja norðan að Veitunni.", segir í örnefnaskrá A.G. "Þar sem bílvegurinn liggur upp að hlið Lómagnúps heita Selhólar." GG. Tóftirnar eru enn greinilegar, um 1,8 km norðaustan við bæ 001. Þær eru 40-50 m neðan við gamla þjóðveginn (sem enn er vel bílfær) og um 100 m neðan við beitarhúsin 045.

Selhólarnir eru grasi grónir. Austan við þá er Veitumýri en vestar rennur lækur. Hólasvæðið liggur norðvestur-suðaustur og er beggja vegna við gamla þjóðveginn. "Í Selhólum eru tvær tættur. Síðar var byggt fjárhús þar nálægt. Hólarnir eru u.þ.b. 2 km frá bæ." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá.

Tóftirnar eru byggðar upp við klettadranga sem stendur á hólnum. Þær voru áður mun meiri en grjót var tekið úr þeim þegar fjárhúsið 045 var byggt og eru þær ekki svipur hjá sjón síðan. Vestari tóftin snýr austur-vestur en frá vesturhlið hennar eru einungis um 10 m að lækjarsprænu vestan við. Tóftin er einföld, 7 X 4,5 m að stærð og opin til vesturs. Nokkrir stórir hnullungar sjást í henni. Austan við þessa tóft er önnur sem snýr norður-suður en hún er byggð upp við austurvegg þeirrar fyrrnefndu. Vesturhluti hennar afmarkast af klettadranga. Fyrir norðurvegg eru 2-3 stórir steinar en tóftin er opin til suðurs. Tóftin er niðurgrafin og fellur saman við landslagið utan við.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 8; Ö-Núpsstaður ath. og viðb., 5; GG: Gísli Gestsson, "Gömul hús á Núpsstað" Árbók 1969, 39

SF-089:047 Borgarklettur tóft fjárskýli

63°57.00.6 SekN 17°32.36.2 SekV

"Stór steinn heiman við Hlaup heitir Borgarklettur. Þar var fjárborg." segir í örnefnaskrá.

Borgarklettur er um 500 m suðaustur af fjárhúsinu við Selhóla (045). Beint austur af mýri sem heitir Veita.



Fjárskýli, horft til norðausturs

Borgarklettur er neðst í hálfgróinni hlið sem snýr mót vestri. Þessi staður er norðan við Hlaupið, um 30-40 m austan við gamla þjóðveginn. Hlaðið er út frá klettinum suðvestanverðum á tvo vegu en kletturinn slútir fram til suðurs. Norðurhleðslan er 2 m löng en við af henni tekur hrúnin og gróin hleðsla 3 m í boga að dyraopi sem er í suðvestur. Syðri hleðslan er 5-6 m löng, alveg heil og 1,5 m há, 7-8 umför.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Núpsstaður, 5

SF-089:048 *Veita* örnefni áveita 63°57.49.4 SekN 17°32.04.7SekV
"Þá er komið heim að Hlaupi, en það er gamalt grjóthrun frá jarðskjálfta 1790. Heiman við það heita Smárákar. Þá eru Núpskriður ... Meðfram Hlaupinu heimanverðu er mýri, sem heitir Veita. Þar eru einnig Selhólar [046]. Veitan liggur heim að þeim." segir í örnefnaskrá A.G. Veitan er mýri vestan undir Lómagnúp, neðan við Selhóla (046). Gljúp mýri, víða með tjörnum og starargróðri. Á rennur með henni að vestan en gamli vegurinn er með henni að austan. Veitan nær að Hlaupinu norðanverðu. Á árunum 1919-1920 var byrjað að hlaða áveitugarða í mýrunum en það var aldrei klárað. Ekki er alveg ljóst hvar þeir voru.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 8

SF-089:049 *Neðri-Hellrar* hellir fjárskýli 63°57.445 SekN 17°30.55.2 SekV
"Núpshlíð blasir við frá bæ. Hún nær austur að Klifnanefi. Upp af hlíðinni fremst heita Hlíðarrákar. Heiman við Núpshlíð eru Geldingatorfur. Upp af þeim neðst eru Geldingarákar. Geldingaból eru neðan við rákarnar. Þá eru tvö gömul fjárbyrgi, sem heita Hellrar [sjá einnig 050]." segir í örnefnaskrá A.G. "Hlaðið var undir stóra steina, þar sem heita Hellrar." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. "Hellar. Um eða rétt fyrir 1790 hljóp afarstór skriða úr Lómagnúpi og nær um 1 km vestur á Leirur. Hún er kölluð Hlaupið. Rétt austan við Hlaupið eru tveir geysistórir klettur uppi í hlíðinni og eru skútar undir þeim báðum [sjá líka efri hellinn, 050], venjulega nefndir Hellar. Vera má að klettarnir hafi komið um leið og hlaupið." GG. Hellirinn er rúma 2 km austan við bæinn 001 og 150 m neðan við efri fjárhellinn 050. Hann er 200-250 m austan við Lómatjörn (aðeins ofar) en um 600 m norðan við Þjóðveg.



Efri- og Neðri-Hellrar, horft til norðausturs

Ofarlega í fjallshlíð þar sem mikið hlaup hefur mótað landslag. Miklir grjóthnullungar liggja á víð og dreif um alla brekkuna.

"Neðri hellirinn er líkur hinum efri, en nokkru minni, l. 6,20 m, br. 3, 70 m. Hann snýr þvert við hinum hellinum, og eru dyrnar á syðri langvegg nær vesturenda og snúa móti landsuðri. Allur er þessi hellir lægri og hleðslur minni, einkum

við dyrnar sem eru að nokkru leyti náttúrulegar í klettinum. Vestan undir sama kletti er enn smáskúti, sem fé liggur oft í. Ekki var siður að gefa í hellum þessum, en þá sjaldan haglaust varð var fé flutt að og gefið á skalla, þar sem helzt var skjól." GG. Tvö op eru á hellinum annað á suðausturhlið klettsins, en hitt opið er á suðvesturhlið hans. Opið á suðausturhlið er 1,1 m á hæð, lokað til hálf af steini sem gæti hafa oltið fyrir. Gegnt dyraopi er inn í hellinum veggur sem alveg er hlaðinn. Hitt opið er efst á norðvesturhlið. Það er 2 m á lengd en einungis 0,4 m á hæð. 1,5-2 m löng bogadregin hleðsla liggur út frá nyrðri enda opsins.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: GG: Gísli Gestsson, "Gömul hús á Núpsstað" Árbók 1969, 40-41

SF-089:050 Efri-Hellrar hellir fjárskýli



Hleðsla í Efri-Helli

63°57.47.7 SekN 17°30.53.1 SekV
 "Núpshlíð blasir við frá bæ. Hún nær austur að Klifnanefi. Upp af hlíðinni fremst heita Hlíðarrákar. Heiman við Núpshlíð eru Geldingatorfur. Upp af þeim neðst eru Geldingaákar. Geldingaból [021] eru neðan við rákarnar. Þá eru tvö gömul fjárbyrgi, sem heita Hellrar [sjá einnig 049].", segir í örnefnaskrá A.G. "Hellar. Um eða rétt fyrir 1790 hljóp afarstór skriða úr Lómagnúpi og nær um 1 km vestur á Leirur. Hún er kölluð Hlaupið. Rétt austan við Hlaupið eru tveir geysistórir klettur uppi í hlíðinni og eru skútar undir þeim báðum [sjá líka neðri hellinn, 049], venjulega nefndir hellar. Vera má að klettarnir hafi komið um leið og hlaupið." GG. Hellarnir eru

austast í Hlaupinu, rúma 2 km austan við bæ. Efri hellirinn er um 150 m ofan við þann neðri 049.


Ofarlega í fjallshlíð þar sem mikið hlaup hefur mótað landslag. Miklir grjóthnullungar liggja á víð og dreif um alla brekkuna. "Efri hellirinn er talsvert stærri. Gólfið í honum hefir líklega verið grafið nokkuð niður og síðan hafa verið hlaðnir veggir að honum, á alla vegu og mjög misháir, frá nokkrum sentimetrum að góðri mannhæð. Ekki eru jötur né garðar í hellinum. Dyr eru á langvegg nær nyrðri enda og snúa á mótí útsuðri. Hellishleðslan er nokkuð sporöskulöguð, en þó eru langveggirnir beinir um miðbikið, l. 9,80 m, br. 3, 60 m." GG. Op hellisins er um 1,5 m á breidd en 1,6-1,7 m á hæð. Hellispakið lækkar eftir því sem innar dregur og er hellirinn því í raun einungis skúti. Hleðslurnar í botni hellisins, þar sem þakið er lægst eru einungis um 0,3 m á hæð en syðst, þar sem þakið er hæst eru þær 1,6 m. Fyrir framan hellinn tekur við brekka niður í mót. Í henni er ferhynd hleðsla 10 X 8 m að stærð. Ræktarlegur gróður er á þessum slóðum.

Hættumat: engin hættu


Heimildir: GG: Gísli Gestsson, "Gömul hús á Núpsstað" Árbók 1969, 40

SF-089:051 Selflatir býlis-/seltóftir

63°58.25.7 SekN 17°29.23.3 SekV



Býlis-/seltóftir, horft til suðausturs



"Stóragil er þá allmikið gil niður hlíðina, og neðan við það Stórugilsskriður. Þá er komið að Selflötum. Á þeim er gamlar tættur ... Framantalin örnefni eru austan í Lómagnúp."

segir í örnefnaskrá A.G. Selflatir eru vestan við veginn í átt að Núpsstaðarskógi, u.þ.b. 1,8 km norðan við Þjóðveg. Vegurinn er 40-50 m austan við seltóftina.

Háar vallendistorfur austan undir Lómagnúp gnæfa yfir veginn og sést tóftin ekki frá honum. Sumstaðar er flötin sundurskorin af giljum og skriðum úr fjallinu. Tóftin er suðaustast á stærstu flötinni, skriða er innan við 10 m sunnar. "Þar voru miklar rústir fram á æskuár Hannesar Jónssonar og meir en svo, að þær væru aðeins eftir sel, að Hannes telur. Þær eru nú allar brotnar niður af Núpsvötnum nema kvíarúst.", segir í örnefnaskrá Þ.T. "Selflatir eru vallendistorfur. Nú mun ekki vera þar nema ein tóft. Vötn hafa eytt hinum. Selflatir eru u.þ.b. 6-7 km frá bæ." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. "Til skamms tíma sást þar til margra tófta samhliða, og

þótti Hannesi Jónssyni þar miklu líkara bæjarrúst en selrúst. Fyrir svo sem 20 eða 30 árum tóku vötnin að brjóta hér land, svo að nú eru flestar rústirnar með öllu horfnar. Það sem enn sést er leifar af litlu húsi, lítið meira en einn veggur, sem stendur í rofabakka og þar ofan löng tóft, líklega kvíar, og virðast hér sjást leifar af seli því sem fletirnir eru kenndir við." GG.

Nú sést aðeins ein tóft á þessum stað. Hún er aflöng, 10 X 4 m að stærð en endar austast frammi á háum bakka og gæti hafa brotnað af henni fremst. Vegghleðslur eru mjög óljósar en djúp skora er innan við þær, allt að 0,8 m djúp. Óljóst mótár fyrir hólfi út frá tóftinni suðaustanverðri, um 3 m að breidd en fjarar út að sunnan og lengd því óljós. Tóftin er byggð utan í lágan hól, hann er norðan við.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 8; Ö-Núpsstaður Þ.T, 2; Ö-Núpsstaður ath. og viðb., 4; GG: Gísli Gestsson, "Gömul hús á Núpsstað" Árbók 1969, 42

SF-089:052 *Staðarhóll* hús sæluhús 64°03.18.9 SekN 17°27.39.0 SekV
"Utan í Eystrafjalli heita skorur. Þær eru vestan í Eyrarfjalli. Nokkuð norðar í fjallsbrúninni er lítil lækur, sem heitir Þorleifur mígandi. Hann fellur í háum fossi niður á sandinn. Þar næst, norðar í hlíðinni, er Klifnanef, þá er Klifnagil. Upp af því er Klifnadalur. Nokkru innan er Staðarhóll, skógi vaxin torfa. Þar er sæluhús. Talað var um að fara "inn í Hól". segir í örnefnaskrá A.G. "Þegar smöludu eru Hvítárholt, er fyrsta daginn venjulega farið í sæluhús á Staðarhóli á Eystrafjalli ..." segir í Göngum og réttum. Húsið er 800-900 m beint norður af staðnum þar sem vegurinn í Núpsstaðarskóg endar. Austan við Núpsá.

Húsið stendur í birkigrónum hól, tré eru allt að 3 m há. Ekkert útsýni er nema til suðurs. "Áð var í Staðarhól í leitum. Síðar var byggður þar kofi." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá.



Innandyra í sæluhúsi

Kofinn stendur enn í góðu ástandi. Hann snýr með dyr í suður. Dyrnar eru reyndar vestast á suðurhlíð. Veggir eru grjóthlaðnir 1,1-1,2 m háir, vel hlaðnir og lítið sem ekkert farnir að hrynja. Þak er úr bárujárni og sperrur úr tré í lofti en tyrft er yfir þakið. Utanmál er 5 X 3,5 m en innanmál 1,5 X 2 m. Kofinn er niðurgraffinn um 1 m, einkum nyrst. Hæð þar sem hæst er undir þaki er rúmlega 1,6 m. Gluggi úr tré hefur verið á suðurstafni en nú er spjald fyrir honum. Hæð dýra 1,2 m, breidd 0,8 m. Áður var þak úr flötum steinhellum en Núpsstaðarbræður endurnýjuðu þakið fyrir nokkru og settu bárujárn á það. Helluhruga úr þaki er nú aftan við húsið. Austan við

húsið er dæld, 1,5-2 m breið og jafnlöng húsínu en þaðan var efni í húsið tekið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 3; Ö-Núpsstaður ath. og viðb., 2; GR I, 131.

SF-089:053 *Nautavöð* heimild um vað 64°04.45.2 SekN 17°27.30.0 SekV
"Innan við Ámundanaut [eru Fremra-og Innra Klifgil] Milli þeirra er klettakambur. Þar innan við eru Eystri-Kliftona og Vestari-Kliftona, báðar skógi vaxnar. Milli þeirra er Kliftonafulækur. Upp af þeim heitir Kálfsklif...Innst á Kálfsklifi er hár, einstakur hnúkur, sem heitir Gráihnúkur. Þar upp af lá hestavegurinn ofan á Klif og yfir Núpsá [054], vestur á Hvítárholt, á svonefndum Nautavöðum.", segir í örnefnaskrá A.G. Vöðin lágu yfir Núpsá niður (norðaustur) af Gráahnúk. "Hestar voru hafðir í Hvítárholtum á sumrin, svo bræðurnir muna [Eyjólfur og Filippus Hannessynir á Núpsstað], og hefði eins mátt hafa þar nautpening sbr. Nautavöð." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. "Inn á holt voru og stundum rekin naut í fyrri daga, og draga Nautavöð á Núpá nöfn af því. Er það eina vaðið á henni alt frá Grænalóni út fyrir Kálfsklif á Eystrafjalli." Fjöll og firmindi.

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 4; Ö-Núpsstaður ath.og viðb., 2 og Fjöll og firmindi, 33

SF-089:054 heimild um leið 64°03.18.9 SekN 17°27.39.0 SekV
"Innan við Ámundanaut [eru Fremra-og Innra Klifgil] Milli þeirra er klettakambur. Þar innan við eru Eystri-Kliftona og Vestari-Kliftona, báðar skógi vaxnar. Milli þeirra er Kliftonafulækur. Upp af þeim heitir Kálfsklif...Innst á Kálfsklifi er hár, einstakur hnúkur, sem heitir Gráihnúkur. Þar upp af lá

hestavegurinn ofan á Klif og yfir Núpsá, vestur á Hvítárholt, á svonefndum Nautavöðum [053].", segir í örnefnaskrá A.G. Farið var upp hjá Staðarhól, inn í Eystrafjall. Rekin hross á Hvítárholt og Klif um slóða þennan.

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 4

SF-089:055 *Gönguskarð* heimild um leið 64°02.08.9 SekN 17°34.32.1 SekV
"Upp við Króksfjall er markalínan yfir fallið vestan Bjarnarins yfir Álftadalsbrýr. Þá eru Fremri-Hrafná og þá Innri-Hrafná og Hrafnároddar, sem er talvert svæði fram undir Skorarbotna. Þá er Slakki, Koladalur [056], Koladalsá og Kolagil ... Gönguskarð er yfir Björninn úr Hrafnároddum upp úr Slakkanum.", segir í örnefnaskrá A.G. Þessa leið var farið þegar verið var að smala. Þetta var stysta leiðin á Hvítárholt. "Þegar menn ætla að fara í Hvítárholt eða inn undir jökul eða í Bergvatnsárhraun sem ná nærri að Grænalóni þá stytta menn sjer oft leið með því að fara svo kallað Gönguskarð þvert yfir Björninn miðjan." Fjöll og firmindi.

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 13 og Fjöll og firmindi, 39-40

SF-089:056 *Koladalur* heimild um leið 64°03.58.5 Sek.N 17°37.22.0 SekV
"Upp við Króksfjall er markalínan yfir fjallið vestan Bjarnarins yfir Álftadalsbrýr. Þá eru Fremri-Hrafná og þá Innri-Hrafná og Hrafnároddar, sem er talvert svæði fram undir Skorarbotna. Þá er Slakki, Koladalur, Koladalsá og Kolagil.", segir í örnefnaskrá A.G. "Farið var norður um Kolagil, þegar farið var til kolagerðar í Hvítárholt [066] og svo norður úr Koladal fyrir Bjarnarendann.", segir í örnefnaskrá Þ.T.

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 13; Ö-Núpsstaður Þ.T., 2

SF-089:057 *Rauðabergshólar* heimild um kolagröf 64°02.36.4 SekN 17°28.07.9 SekV
"Þá eru niður við Núpsvötn Rauðabergshólar. Þar var skógur og kolagerð.", segir í örnefnaskrá A.G. Rauðabergshólar eru í Núpsstaðarskógi, vestan við ána. Á þessum stað var ekki mikið rými til kolagerðar og nú hafa vötnin grafið í burt hluta hólanna.

Heimildir: Ö-Núpsstaður A.G., 6-7

SF-089:058 *Fremstivegur* heimild um leið
"Fremstivegur er upp með Hvítargljúfri að innan." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Fé var rekið þennan veg, upp úr Kýrtungu, upp með Hvíta, eftir Miðvaði og í Odda. Rekið var eftir brattri klettabrík.

Heimildir: Ö-Núpsstaður ath. og viðb., 3

SF-089:059 *Neðstavað* heimild um vað 64°03.50.4 SekN 17°28.48.1 SekV
"Yfir Fremri-Hvítá eru vöð: Neðstavað neðst, Miðvað [060], þegar kemur upp í Odda, og ofar í Oddanum er Innstavað [061]. Þau voru mikið notuð." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Fé var rekið yfir á vöðum þessum. Hið neðsta var dálítið ofan við Hvítárfoss.

Heimildir: Ö-Núpsstaður ath. og viðb., 3

SF-089:060 *Miðvað* heimild um vað 64°03.36.6 SekN 17°32.59.5 SekV
"Yfir Fremri-Hvítá eru vöð: Neðstavað [059] neðst, Miðvað, þegar kemur upp í Odda, og ofar í Oddanum er Innstavað [061]. Þau voru mikið notuð." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Fé var rekið yfir á vöðum þessum.

Heimildir: Ö-Núpsstaður ath. og viðb., 3

SF-089:061 *Innstavað* heimild um vað 64°03.33.4 SekN 17°33.32.4 SekV
"Yfir Fremri-Hvítá eru vöð: Neðstavað [059] neðst, Miðvað [060], þegar kemur upp í Odda, og ofar í Oddanum er Innstavað. Þau voru mikið notuð." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Neðstavað er fyrir neðan þar sem árnar renna saman. Fé var rekið yfir á vöðum þessum.

Heimildir: Ö-Núpsstaður ath. og viðb., 3

SF-089:062 *Miðholtavegur* heimild um leið 64°04.42.5 SekN 17°28.54.6 SekV
"Miðholtavegur er upp með Miðholtaá, beggja megin.", segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Leiðin lá eftir miðjum Holtunum. Gatan var fyrir kindur. Ekki hestfær.

Heimildir: Ö-Núpsstaður ath. og viðb., 3

SF-089:063 Fagriskógur heimild býli

63°56.53.9 SekN 17°34.37.0 SekV

"Eyðijarðir eru hér ... Fagriskógur, skammt austur undir [Rauðabergshrauni], hvar nú sjást engar rústir." segir í sóknarlýsingu frá 1859.

Býlið Fagriskógur á að hafa verið við Núpsvötn, um 1,5 km suður af bæ, vestan vatnanna. Þar er nú hraun sem nær allt út að ánni. Býlið er talið hafa staðið þar sem nú er sandeyri, austan eða norðaustan við dálítinn tanga. Um 200 m sunnan við staðinn liggur raflína yfir ána frá austri til vesturs. Engar mannvistarleifar sjást og hafa ekki verið í manna minnum. Tanginn er sendinn, með nokkru grjóti á víð og dreif. Einstaka grastær.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: SSSk, 177; Ö-Núpsstaður A.G., 12

SF-089:064 garðlag óþekkt

63°57.45.4 SekN 17°34.16.9 SekV



Garðlag, horft til SSA

30 m austan við Sótastein (039) sést garðhleðsla um 400 m austan við bæ 001. Garðlagið liggur norðnorðvestur-suðsuðaustur í hlíðinni en endar 10 m ofan við gamla veginn. Hlíðin er grasivaxin umhverfis garðlagið. Austan við garðlagið er grjótskriða og hefur garðlagið verið hlaðið með grjóti úr henni. Garðlagið er 70-80 m langt. Það er mest 0,5-0,6 m á breidd en 0,3 m á hæð. Einföld grjóthleðsla.

Hættumat: engin hætta

SF-089:065 Hvítárholt heimild um kolagröf

64°05.16.3 SekN 17°29.28.3 SekV

"Þar sem Hvassavalladalsá rennur í Núpsá, kallast Innholt, þá er Stóra-Meingil, en frá því fellur Stórilækur. Framan við Stóralæk eru Miðholt að Miðholtaá, þá er þar næst Framholt fram að Hvítárgljúfri, en eftir því rennur Innri-Hvítá um Innri-Hvítárdal. Innholt, Miðholt og Framholt heita einu nafni Hvítárholt." segir í örnefnaskrá A.G. "Farið var norður um Kolagil, þegar farið var til kolagerðar í Hvítárholt og svo norður úr Koladal fyrir Bjarnarendann." segir í örnefnaskrá Þ.T. "Fram

um 1850 var mest kolað á Hvítárholtum. Svo var haldið út Vesturskógana og Svínaskoru, Kýrtungu, Rauðabergshóla og Framskógabrekkur. Þetta er vestan Núpár. Seinna var farið að gera til kola á Eystrafjalli." Fjöll og firnindi. Kolagrafir sjást víða á þessum slóðum, t.d. á móts við sæluhús á Staðarhól.

Heimildir: Ö-Núpsstaður Þ.T., 2; Ö-Núpsstaður A.G., 5-6 Fjöll og firnindi, 35.

SF-089:066 gripir

"Á Núpsstað hefur fundist svo sem lófastærð af hringabrynju, sem þar er geymd." segir í sóknarlýsingu frá 1859. 1864: "Slitur af HRÍNGABRYNJU með smærri og þéttari hringum en [GK-212:003]. Það fannst í heiði nálægt Núpsstað í Skaptafellssýslu." segir í skýrslu um Forngripasafnið. Ekki er vitað hvar brynjuslitrið fannst.

Í þessum hringabrynjuslitrum "gánga fjórir hríngar í einn, og er hver hríngur negldur og kveiktur (?) saman, sýnir það að þetta hafa verið mjög vandaðar hríngabrynjur, eptir því sem tíðkaðist í útlöndum. Slitur þessi eru líklega frá 14. eða 15. öld, en gætu þó verið miklu eldri ..." Þjms. 46. 20/1 1864. Sigurður Guðmundsson gaf.

Heimildir: SSSk, 180; Skýrslur FÍ I, 62

SF-089:067 *Refabyrgi* frásögn af byrgi 63°57.11.243SekN 17°36.15.990SekV
Refabyrgi er við Krossá, gegnt Fögrutungurákum. Sagnir voru um að menn hafi hafst við í byrginu þegar þeir lágu fyrir tófu. Grjóthrúga sést þar sem byrgið var og veggir þess greinilega hrundir

SF-089:068 frásögn af smalakofa 63°57.04.700SekN 17°33.07.480SekV
Í Holahrauni er kofi eða skýli sem notað var sem yfirsetukofi. Börnin áttu kofann og notuð hann til skjóls við yfirsetu. Þetta var aðal yfirsetusvæðið. Margir steinanna horfnir í aurinn.

SF-089:069 *Brúin* frásögn af brú 63°57.16.364SekN 17°35.36.971SekV
Brúin var undirbyggð gata/vegkafla á þjóðleið, yfir Vígkeldu. "Við Króksholt, í mýrinni, er Vígakelda og Vígakeldukrökur.", segir í örnefnaskrá Þ.T. Sunnan við þjóðveg, eftir að komið er yfir brúna á Krossá á austurleið eru þrjár litlar tjarnir og mun ein þeirra vera Vígakelda. Tjarnirnar eru á mörkum Útmýrar og mela sem hafa myndast af framburði Krossár. Vafalaust hefur umhverfi breyst eftir tilkomu þjóðvegarins. "Vegurinn er framan við Vígakeldukrök. Keldan taldist vera í honum. Hún lenti framan við veg.", segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Núpsstaður Þ.T., 1; Ö-Núpsstaður ath.og viðb., 8

SF-089:070 *Breiðatangavegur* frásögnaf leið 64°01.28.408SekN 17°29.24.132SekV
Breiðatangavegur var smaleið um Breiðatanga.

SF-089:071 *Loftsárvegur* frásögn af leið 64°02.00.317SekN 17°29.36.549SekV
Loftsárvegur var smaleið við Loftsárkamb.

6. Fornleifar og byggð á Núpsstað

Eins og áður er getið var skráður 71 minjastaður á Núpsstað. Ástand minja þar er óvenjugott og á það sérstaklega við minjar í túni. Þar standa enn bæjar- og útihús ásamt túngarði sem nær umhverfis stóran hluta túnsins.

Upplýsingar um nokkra minjastaði komu fram eftir að vettvangsvinnu var lokið (sjá SF-089:067-071) og því er ástand og hættumat óþekkt fyrir mannvistarleifar á þremur stöðum. Samtals sjást leifar mannvirkja á 32 minjastöðum en á 16 stöðum sjást þær ekki lengur. Meðal þeirra eru fornleifar sem hafa verið eyðilagðar eða horfið í tímans rás af ýmsum orsökum. Sjaldan er unnt að ákvarða hvort minjastaður hefur verið algjörlega eyðilagður. Margar þessara minja kunna enn að leynast undir grassverði eða nýbyggingum og gætu komið í ljós við framkvæmdir síðar.

Á þeim stöðum þar sem mannvirkjaleifar sjást eru 11 hús sem enn standa undir þaki, á 10 stöðum standa hleðslur enn, en á 9 stöðum eru þær fremur útflattar og ógreinilegar. Auk þessa sást enn ummerki um öskuhaug framan við Núpsstaðarbæ og einnig Krosshóll sem sagnir herma að sé legstaður.

Hættumat var gert á 48 stöðum og töldust 26 þeirra í hættu. Langflestir staðir teljast í hættu vegna ábúðar (20), fjórir staðir eru í hættu vegna rofs (020,042, 051 og 063), einn vegna skriðufalla (027) og annar vegna rasks (023).

Núpsstaður er austasti bær í Vestur-Skaftafellssýslu, næst Skeiðarársandi. Sjálfur stendur bærinn efst í aflíðandi túni. Ofan við bæinn eru snarbrattir hamrar úr móbergi en basaltlög inn á milli. Um 3 km norðaustan við bæinn er Lómagnúpur, 688 m hátt standbjarg sem rís upp af Skeiðarársandi. Bærinn á land ofan frá Skeiðarárjökli og niður að sjó en stærstur hluti þess er hálendi.

Staðsetning Núpsstaðarbæjar og umhverfi hans er mjög sérstakt. Enn standa gömul bæjarhús undir þaki, gamla bænhúsið hefur verið gert upp og flest öll útihúsin (úr torfi og grjóti) standa sömuleiðis uppi. Forn tröð liggur að bænum og umhverfis túnið er grjóthlaðinn túngarður. Slík minjaheild er einstök því undantekningalítið eru það bæjarhús og útihús í túni sem fyrst hafa orðið að víkja í túnasléttunum og nýbyggingum 20. aldar. Sjaldgæft er einnig að slíkum húsum hafi verið haldið við fram til dagsins í dag. Af þessum sökum hefur gamli bærinn á Núpsstað, útihús og aðrar minjar í túni ótvírætt varðveislun- og kynngargildi.

Fleiri áhugaverðar fornleifar eru í landi Núpsstaðar og má þar t.d. nefna fjárhellana í Hlaupinu (049 og 050), tvö beitarhús sem enn standa undir þaki (029 og 045) og gangnamannakofa á Staðarhóli í Núpsstaðaskógi (052). Allir þessir staðir og fleiri til hafa varðveislu- og kynningargildi, sérstaklega í tengslum við hina vel varðveittu bæjarheild Núpsstaðar. Samanlagt eru þessir minjastaðir einstök heimild um búskaparhætti og landnýtingu fyrri tíma.

7. Heimildaskrá

AÍ: *Alþingisbækur Íslands I-XVII*, Rv. 1912-1990.

ÁÓG: Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskrá*, Reykjavík

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI*, Kh. og Rv. 1853-1976.

BJ: Brynjúlfur Jónsson 1910. “Rannsókn í Vestur-Skaftafellssýslu sumarið 1909”. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1910*, 3-23.

Bsk: *Biskupa sögur gefnar út af hinu íslenska bókmenntafélagi I-II*, Kaupmannahöfn 1858-1878.

Bæksted, Anders 1942. *Íslands runeindskrifur*, Bibliotheca arnamagnæana II, Kaupmannahöfn.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*, Sveinbjörn Rafnsson gaf út, Rv.

Fjöll og firnindi: Árni Óla 1948. *Fjöll og firnindi. Frásagnir Stefáns Filippussonar*, Reykjavík.

FSP: *Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*, Reykjavík 1945.

Gísli Gestsson 1961. “Gamla bænhúsið á Núpsstað”. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1961*, 61-84.

Gísli Gestsson 1969. “Gömul hús á Núpsstað”. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1969*, 15-44.

ÍF: *Íslenzk fornrit I-*, 1933 -.

Jarðabréf frá 16. og 17. öld, Gunnar F. Guðmundsson gaf út, Reykjavík 1993.

JJ: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

Jón Jóhannesson 1941. *Gerðir Landnámabókar*, Reykjavík.

JónJ: Jón Jónsson. 1979. “Hin forna slóð”, *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1979*, 126-127.

SSSk: *Skaftafellssýsla. Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873*, Reykjavík 1997.

SturIR: *Sturlunga saga I-II*, Reykjavík 1946.

Óprentaðar heimildir

Túnakort 1920: Þjóðskjalasafn Íslands, Jarðadeild.

Ö-Núpsstaður. Örnefnaskrá fyrir Núpsstað. Ari Gíslason tók saman. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Núpsstaður. Athugasemdir og viðbætur. Eyjólfur og Filippus Hannessynir tóku saman. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Núpsstaður. Örnefnaskrá fyrir Núpsstað. Þ.T.

Forsíða: Möðruvellir 1836, teikning e. Auguste Mayer. Upphafleg útgáfa: *Atlas historique litographie d'après les dessins de M.A. Mayer I-II*, Paris 1842. Lituð mynd úr *Íslandsmyndir Mayers 1836*, Reykjavík 1986.